



Flugmálastjórn Íslands

# Flugslysæfing




Egilsstaðir 2000









### Inngangsorð.

Flugslysaæfingin “Egilsstaðir 2000” fór fram 6. maí s.l. að loknum miklum undirbúningi fjölmargra aðila á Austfjörðum í samvinnu við æfingarstjórn af Reykjavíkursvæðinu. Það er mat þeirra sem að undirbúningnum stóðu og síðar í eftirliti með æfingunni, að hún hafi farið mjög vel fram og að austfirðingar geti verið einstaklega ánægðir með vinnu þeirra aðila sem annast björgunarstörf á austurlandi ef hópslys á sér stað í þeirra umdæmi.


Nú hefur æfingin verið gerð upp og í þessari skýrslu er að finna þær tillögur til úrbóta sem æfingarstjórnin telur nauðsynlegt að framkvæma í kjölfarið. Það er skoðun okkar að æfingunni sé ekki fyllilega lokið fyrr en úrbæturnar hafi verið framkvæmdar. Flugmálastjórn mun í samvinnu við undirbúningshópinn og heimamenn beita sér fyrir framkvæmd úrbótanna eftir því sem við verður komið.

Flugmálastjórn vill að lokum þakka öllum þeim fjölmörgu stofnunum, fyrirtækjum, björgunarsveitum og einstaklingum sem tóku þátt, fyrir framúrskarandi samvinnu sem gerði þessa æfingu mögulega. Það er von stofnunarinnar að æfingin hafi verið gagnleg og lærdómsrík fyrir alla sem að henni stóðu.

Reykjavík 24. október 2000.

---

Hallgrímur N. Sigurðsson  
æfingarstjóri





Efnisyfirlit.

<b>Bls.</b>	
5	Inngangsorð
9	Almenn lýsing æfingar, vinnutilhögun og framkvæmdastjórn
21	Niðurstöður
29	Almannavarnir - Aðgerðarstjórn
41	Lögregla
61	Heilbrigðisþjónustan
73	Fjöldahjálp
77	Flugslysarannsókn
87	Flugstöð og flugturn
99	Önnur Fylgiskjöl





## Kafli 1

Almenn lýsing æfingar, vinnutilhögun og framkvæmdastjórn



---

Kæru félagar og samstarfsmenn,

Meðfylgjandi eru tillögur að tilhögun vegna Flugslysaæfingarinnar á Egilsstöðum 4-7 maí n.k. Vinsamlegast athugið að þetta eru bara tillögur og þeim er hægt að breyta telji menn það nauðsynlegt.

Eins og sum ykkar vitið þá er ég að fara til Kosovo (28 feb.) og verð við störf þar við uppbyggingu flugvallarins í Pristina sem sérstakur sérfræðingur Alþjóða Flugmálastofnunarinnar (ICAO). Mitt hlutverk verður að byggja upp flugstjórnarþjónustu, koma á og skipuleggja 24 klst. blindflugs þjónustu. Hafa eftirlit með uppsetningu tækjabúnaðar sem nauðsynlegur er fyrir blindaðflug s.s. ILS, VOR, DME, DF, ATIS, Fjarskiptabúnaðar o.s.frv. Byggja upp öryggisþjónustu s.s. slökkvilið, viðbúnaðaráætlanir o.s.frv. ásamt ýmsu fleira. Í þetta eru mér ætlaðir þrjú mánuðir. Eins og áætlunin er núna þá kem ég heim 3 maí svo ég verð með ykkur á Egilsstöðum. Ég hef hugsað mér að reyna að breyta heimkomunni þannig að ég komi þann 1 maí ef það er hægt. Þó er alveg á hreinu að ég verð kominn fyrir æfingu því það skilyrði setti ég fyrir ráðningu minni í Kosovo.

Ég hef hugsað mér að starfa áfram með ykkur að undirbúningi Egilsstaða 2000 í gegnum e-mail. E-mailið mitt á að virka áfram þ.e. sama addressa (halli@caa) því tölvan mín á að forwarda póstinum til mín. Verði einhverjir erfiðleikar með þetta þá er nýja addressan mín: [hallgrimur.sigurdsson@hotmail.com](mailto:hallgrimur.sigurdsson@hotmail.com) (athugið að bilið milli hallgrimur og sigurdsson er með “underline” striki) þannig að þið getið alltaf sent mér póst á hana ef þarf.

**Annars eru tengiliðir heimamanna þeir, Birgir Ólafsson og Jón Baldvin Pálsson hjá FMS og Jónas Hallsson hjá lögreglunni í Reykjavík**

Ég óska ykkur alls hins besta og hlakka til að sjá ykkur í vor, það er ætlun mín að reyna að senda ykkur fréttir og myndir frá Pristina eftir því sem ég kem því við. Ég hef svo að sjálfsögðu gaman af því að fá póst frá ykkur og fréttir að heiman.

Hittumst heil, Halli Sig.

---

## HÓPSLYSAÆFINGIN EGILSSTAÐIR 2000

### **Nokkrir minnispunktar fyrir heimamenn.**

- Útvega þarf sjálfboðaliða tímanlega til að leika sjúklinga. Nota má skólafólk eða jafnvel leiklistarfólk. Æskilegt er að í hópnum sé fólk á öllum aldri.
- Afla þarf bílflaka (3 flök) til eyðileggingar á æfingunni. Gott er ef hægt væri að hafa eitt flakið litla rútu eða sendibíl.
- Útvega þarf gám til reykköfunar.
- Athuga þarf með að útbúa brúður. Í samvinnu við Birgi Ólafsson FMS (látir)
- Skoða þarf og ganga frá húsnæðismálum vinnuhópa. 1 stór fundarsalur og síðan minni vinnuástaða fyrir litla vinnuhópa t.d. á heilsugæslustöð, lögreglustöð etc.
- Útvega þarf húsnæði fyrir “debriefing” fund sem haldinn verður sunnudaginn 7 maí kl. 1100.
- Heimamenn þurfa að ganga frá kostnaðarskiptingu sín á milli fyrir aðkomumenn.
- Gangu þarf frá matarmálum. Þ.e. hvar aðkomumenn borða alla daganna.
- Gangu þarf frá tilhögun vegna reikninga.
- Koma þarf á tengingum milli þátttökuaðila. Tilnefna tengiliði og gefa út lista með símanúmerum/e-mail addressum þeirra, o.s. frv.

Birgir Ólafsson og Jón Baldvin Pálsson FMS verði tengiliðir.

# Flugslýsaæfingin Egilsstaðir 2000

## Framkvæmdastjórn

Nafn	Sími	E-mail	Vinnustaður
Ágúst Svansson	897 5501	gusti@rls.is	Ríkislögreglustjóri
Ármann Pétursson	896 0400	armannp@sr.rvk.is	Almannavarnir Reykjavík
Árni Birgisson	894 8272	arni@avrik.is	Almannavarnir Ríkisins
Ása Jakobsdóttir	869 3263	asajak@ismennt.is	Rauði kross Íslands
Bára Benediktsdóttir	862 1780	baraben@shr.is	Landsspítalinn Fossvogi
Bergþór N. Bergþórsson	557 1922	bergthor@caa.is	Flugmálastjórn
Birgir Ólafsson	894 3202	birgiro@caa.is	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Einar Ó. Karlsson	866 1776	heimsborgari@simnet.is	Lögreglan á Keflavíkurflugvelli
Guðbjörg Pálsdóttir	895 5804	gudbjpa@shr.is	Landsspítalinn Fossvogi
Hallgrímur Sigurðsson	893 3636	halli@caa.is	Flugmálastjórn
Jón Baldursson	891 8935	jonbald@shr.is	Landsspítalinn Fossvogi
Jón Baldvin Pálsson	898 0098	jonb@caa.is	Flugmálastjórn
Jón Bjartmarz	899 7824		Ríkislögreglustjóri
Jón Sveinsson		jonsveinsson@hotmail.com	Lögreglan á Keflavíkurflugvelli
Jónas Hallsson	899 0082	jonas.hallsson@lr.is	Lögreglan í Reykjavík
Kristján H. Birgisson	898 4080	kristjan@landsbjorg.is	Landsbjörg
Kristján Torfason	893 1165	kristjan@caa.is	Flugmálastjórn
Lárus St. Björnsson	897 2952	larusbj@islandia.is	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Oddur Eiríksson	897 3555	oddure@simnet.is	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Ólafur Ólafsson	864 1567		Lögreglan á Keflavíkurflugvelli
Skúli Björnsson	869 7943	skuli@dc.is	Lögreglan á Keflavíkurflugvelli
Sólveig Þorvaldsdóttir	898 1194	solveig@avrik.is	Almannavarnir Ríkisins
Stefán Stefánsson	898 2846	stefstef@ts.spar.is	Rauði kross Íslands
Steinar Steinarsson	897 2937	steinarst@islandia.is	Rannsóknanevnd flugslýsa
<b>24</b>	<b>&lt;-- Samtals</b>		

# Flugslýsaæfingin Egilsstaðir 2000

## Heimamenn

Aubergur Jónsson	471 1400		Heilsugæslan á Egilsstöðum
Baldur Pálsson	861 2164		Slökkviliðsstj. Brunav.Héraði
Björn Hafþór Guðmundsson		hafthor@egilsstadir.is	Bæjarstjóri
Carlos Ferres Sr.	853 7314	srcarlos@ismennt.is	Kolfreyjustaðarprestakall
Davíð Gunnarsson	893 1159	logreglan.seyd@tmd.is	Lögreglan Seyðisfirði
Elvar Óskarsson	893 5693	logreglan.fask@tmd.is	Lögreglan Fáskrúðsfirði
Finnur F. Magnússon	896 7781	finnur@simi.is	Almannavarnanefnd
Finnur Þór Birgisson	864 6110	finnur.thor.birgisson@tmd.is	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Friðjón Pálmason	897 3855	logreglan.egils@tmd.is	Lögreglan Egilsstöðum
Guðbrandur Jóhannsson	894 1616		Vettvangsstjóri Hornafirði
Guttormur Sigfússon	846 5024		FMS Egilsstöðum
Halla Eiríksdóttir	471 1400	heir@hsa.is	Heilsugæslan á Egilsstöðum
Halldór Sigurðsson	842 3793		FMS Egilsstöðum
Helgi Jenson	862 4807	helgi.jenson@tmd.is	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Helgi Kjærnested	894 1585	hsk@sjova.is	
Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir	898 5525	hlilja@nett.is	FSN
Ingólfur Arnarson	893 7843	ingolfur@caa.is	FMS Egilsstöðum
Jóhann Freyr Aðalsteinsson	898 0549	johann.freyr.adalsteinsson@tmd.is	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Jóhanna I. Sigmarsdóttir Sr.	853 3826	srjohanna@simnet.is	Eyðaprestakall
Jón Þórarinnsson	863 3613	jonvifill@visir.is	Lögreglan Egilsstöðum
Júlía	863 3608	julia@li.is	
Karen Erla Erlingsdóttir	863 3616	glumur@sentrum.is	RKÍ
Kjartan Benediktsson	897 5647	kjarriben@hotmail.com	
Kjartan Einarsson	892 3090	datti@hsa.is	
Kristín Albertsdóttir	866 8696	timaalb@yahoo.com	Heilsugæslan á Egilsstöðum
Lára G. Kristinsdóttir	898 5525		FSN
Lárus Bjarnason	896 4743	larus.bjarnason@tmd.is	Sýslumaður á Seyðisfirði
Lukka S. Gissurardóttir	472 1406	lukkag@sjuksey.is	Heilsugæslan á Seyðisfirði
Ólafur Sveinbjörnsson	472 1406	olafur@sjuksey.is	Heilsugæslan á Seyðisfirði
Óskar Þór Guðmundsson	893 5693	oskarg.mi.is	Lögreglan Fáskrúðsfirði
Óttar Ármannsson	471 1400	heilsaeg@hsa.is	Heilsugæslan á Egilsstöðum
Pétur Heimisson	471 1400	petur@hsa.is	Heilsugæslan á Egilsstöðum
Ragnhildur Rós	471 1375	skarpth@isholf.is	Heilsugæslan á Egilsstöðum
Rúnar Reynisson	472 1406	runarr@sjuksey.is	Heilsugæslan á Seyðisfirði
Sigrún Ólafsdóttir	472 1454	sigrun@sjuksey.is	Heilsugæslan á Seyðisfirði
Sigurjón Andri Guðmundsson	894 1043	logreglan.seyd@tmd.is	Lögreglan Seyðisfirði
Stefán Sigurðsson	894 0604	stefansig@eldhorn.is	
Stefán Þórarinnsson	471 1400	heradslaeknir.aust@eldhorn.is	Lækningaforstjóri
Steinþór Hafsteinsson	899 8910		Slökkviliðsstjóri Hornafirði
Sæbjörn Eggertsson	863 3642		FMS Egilsstöðum
Valur Magnússon	861 9030	valur.magnusson@tmd.is	Rannsóknarlögr. Egilsstöðum
Þórhallur Árnason	893 5693	thorhallur.arnason@tmd.is	Lögreglan Eskifirði
Þórhallur Pálsson		thorhallur@egilsstadir.is	Forst. maður umhverfissviðs

---

# HÓPSLYSAÆFINGIN EGILSSTAÐIR 2000

## LÝSING og TILGANGUR

**Heiti æfingar:** **EGILSSTAÐIR 2000**

**Staðsetning:** Norðurendi flugbrautar 04 á Egilsstaðarflugvelli

**Tímasetning:** 06. maí 2000 kl. 1400-1800

**Pátttakendur:** Sýslumannsembætti, Lögreglan, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Slökkviliðið, Flugturn, björgunarsveitir á Egilsstöðum og nágrenni, Áhaldahúsið, Flugmálastjórn Reykjavík, stjórnstöð Landhelgisgæslu, Sjúkrahús Reykjavíkur, Almannavarnir, Rauði kross Íslands, Flugfélag Íslands, Rannsóknarnefnd flugslysa, Ríkislögreglan og aðrir ef við á.

**Lýsing æfingar:** Kl. 1400 tilkynnir flugturn að flugslys hafi orðið í flugtaki á braut 04. Um sé að ræða F50 flugvél, kallmerki TF-EGX sem hlekkst hafi á í flugtaki, skall vélin niður til hliðar við brautina, brotnað í hluta og líklega hafi einhver partur runnið út í Eyvindará. Mikill eldur á slysstað. Um borð eru 45 farþegar og 3 manna áhöfn. (látirnir verði 12, slasaðir 28, óslasaðir 8.) Síðar kemur einnig í ljós samkvæmt farmskrá, að um borð í vélinni eru eiturefni.

**Tilgangur æfingarinnar er að æfa eftirfarandi atriði:**

- Útkall samkvæmt skipulagi.
- Samstarf allra aðila sem koma að hópslysi sem þessu.
- Slökkvistarf.
- Meðhöndlun eiturefna.
- Reykköfun
- Innri og Ytri lokun ásamt tryggingu vettvangs.
- Almenna sérhæfða stjórnun á vettvangi.
- Framkvæmd einstakra þátta sem heyra undir vettvangsstjóra.
- Flutning vettvangsstjórnar frá einum manni til annars.
- Frumgreiningu slasaðra.
- Skyndihjálpar.
- Flutning slasaðra.
- Hópslysaáætlun héraðsins.
- Skipulagning fjöldahjálpar
- Fjarskipti.
- Verndun vettvangs með tilliti til flugslysarannsóknar.
- Viðbrögð flugrekstraraðila við flugslysi.
- Störf kennslanefndar.
- Aðgerðaskipulag Almannavarna



## Egilsstaðir 2000

### VINNUHÓPAR

#### HÓPUR # 1

Verkefni: Samræming vinnuhópa - Starf almannavarnarnefndar - Yfirferð viðbúnaðaráætlanna - Útkall.

Mönnun: Sólveig Þorvaldsdóttir, Árni Birgisson, Ármann Pétursson, Almannavarnarnefnd, Aðgerðarstjórn og aðrir eftir þörfum.

#### HÓPUR # 2

Verkefni: Undirbúningur slysavettvangs – Brunavarnir – Reykköfun - Eiturefni.

Mönnun: Birgir Ólafsson, Lárus Björnsson Baldur Pálsson slökkvistjóri BH, Steinar Steinarsson, starfsmenn FMS og aðrir eftir þörfum.

#### HÓPUR # 3

Verkefni: Vettvangsstjórn - Almenn löggæsla - Fjarskipti.

Mönnun: Jónas Hallsson, Ágúst Svansson, Helgi Kærnested vettvangsstjóri Skúli Björnsson, Einar Karlsson, Ólafur Ólafsson og aðrir eftir þörfum. (lögglumenn, björgunarsveitir)

---

#### HÓPUR # 4

Verkefni: Fyrsta hjálp – Greining – Sjúkraflutningar – Förðun - Hópslysaáætlun HSA.

Mönnun: Jón Baldursson, Guðbjörg Pálsdóttir, Oddur Eiríksson, Bára Benediksdóttir, Óttar Ármannsson, Pétur Heimisson, Halla Eiríksdóttir og aðrir eftir þörfum. (Starfsfólk sjúkrahúsa og heilsugæslu, björgunarsveitir, Rauði krossinn)

#### HÓPUR # 5

Verkefni: Fjöldahjálp - Skráning slasaðra.

Mönnun: Stefán Stefánsson, Ása Jakobsdóttir, Karen Erla Erlingsdóttir, Carlos Ferrse, og annað RKÍ fólk, hjúkrunarfræðingar, Prestar.

#### HÓPUR # 6

Verkefni: Þátttaka starfsfólks flugfélaga - Starf flugvallarstarfsmanna.

Mönnun: Bergþór Bergþórsson, Ingólfur Arnarson, starfsmenn flugfélaga og flugvallarstarfsmenn.

#### HÓPUR # 7

Verkefni: Flugslysarannsóknir

Mönnun: Steinar Steinarsson, Valur Magnússon, Elvar Óskarsson Óskar Þór Guðmundsson, Þórhallur Árnason og Kjartan Benediktsson.

#### HÓPUR # 8

Verkefni: Samskipti við sjálfboðaliða og förðun.

Mönnun: Oddur Eiríksson, Erla Karen Erlingsdóttir, Emil Björnsson, hjálpasveitir og aðrir eftir þörfum.

#### HÓPUR # 9

Verkefni: Fjarskipti

Mönnun: Ágúst Svansson, Finnur F. Magnússon, lögreglumenn, hjálpasveitir og aðrir eftir þörfum.

**Aðrir vinnuhópar verða myndaðir ef þess er talin þörf.**

---

# HÓPSLYSAÆFING

## EGILSSTAÐIR 2000

### Vinnuþlan

#### **Fimmtudagur 04. maí**

- 09:30 Sameiginlegur fundur allra helstu skipuleggjenda æfingarinnar í sameiginlegum fundarsal.
- 10:00 Erindi Hallgríms Sigurðssonar um réttindi og skyldur opinberra aðila til leitar og björgunar.
- 10:20 Erindi Árna Birgissonar um Almannavarnarskipulagið.
- 11:00 Erindi Jóns Baldurssonar um störf greiningasveita í hópslysum.
- 12:00-13:00 Matarhlé
- 13:00 Erindi Rannsóknanevndar flugslysa um a) Umgengni um slysavettvang með tilliti til rannsókna. B) Flugritinn (svarti kassinn)
- 14:00 Settir saman vinnuhópar.
- 14:15 Starf vinnuhópa hefst.
- 17:00 Sameiginlegur fundur skipuleggjenda æfingarinnar í sameiginlegum fundarsal. (hópstjórar)
- 20:00-2300 Fundir og erindi með björgunarsveitum.

---

**Föstudagur 5. maí**

- 09:00 Unnið í vinnuhópum
- 12:00 Matur
- 13:00 Sameiginlegur fundur skipuleggjenda æfingarinnar í fundarsal. (hópstjórar)
- 13:30 Unnið í vinnuhópum
- 16:30 Sameiginlegur fundur skipuleggjenda æfingarinnar í fundarsal. (hópstjórar)
- 20:00 Unnið áfram að skipulagningu í vinnuhópum gerist þess þörf.
- 2000-2300 Erindi og stutt námskeið (t.d. fyrsta hjálp)

**Laugardagur 6. maí**

- 09:00 Uppsetning vettvangs
- 09:00-13:30 Förðun sjúklinga
- 11:30-12:00 Lokafundur hópstjóra í fundarsal.
- 14:00 Æfing hefst
- 15:30 Fyrri þrepi æfingarinnar lýkur. (Verður skýrt nánar)
- 18:00 Æfingu lýkur

**Sunnudagur 7. maí**

- 11:00-13:00 Rýni “Debriefing” fundur. Æfingin yfirfarin. Öllum þátttakendum boðið til fundar. Staðsetning tilkynnt síðar.

---

# HÓPSLYSAÆFING

## EGILSSTAÐIR 2000

Fræðsluerindi

### Fimmtudagur 04. maí

**FUNDARSTAÐUR:            Hótel Valaskjál**

- 20:00            Erindi Hallgríms Sigurðssonar; flugslys KSV3275 12. nóv.1999
- 20:40            Erindi Rannsóknarnefndar flugslysa um:  
a) Umgengni um slysavettvang með tilliti til rannsókna.  
b) Flugritinn (svarti kassinn)
- 21:40            Fyrsta hjálp. Bára Benediksdóttir

### Föstudagur 5. maí

**FUNDARSTAÐUR:            Grunnskólinn á Egilsstöðum**

- 2000            Erindi: Árna Birgissonar Almannavarnarskipulagið.
- 20:40            Erindi fulltrúa RKÍ, sjúkraflutningar í Suður -Afríku.
- 21:10            Erindi Hallgríms Sigurðssonar; Flugslys við Hornafjörð 12. ág. 98
- 21:40            Erindi fulltrúa kennslanefndar ríkislögreglustjóra; störf kennslanefndar.

**ERINDIN ERU OPIN FYRIR ALLAN ALMENNING.**



## Kafli 2

### Niðurstöður



---

# EGILSTAÐIR 2000

## TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

### Almannavarnir:

- Markvissari stöðufundi í aðgerðarstjórn
- Eftirfylgni á beiðnum um upplýsingar til aðgerðarstjórnar var ekki nógu virk, frá
  - fjöldahjálparstöð,
  - heilbrigðisþjónustu
  - vettvangi
- Endurskoða fjarskipti aðgerðarstjórnar og vettvangsstjórnar
- Upplýsa viðbragðsaðila um boðunarkóða
- Skilgreina not aðgerðataflna
- Þjálf aðgerðastjórn í notkun aðgerðataflna
- Móta þarf aðsetur, aðbúnað og vinnufyrirkomulag í nýrri aðgerðastjórnstöð
- Skipuleggja þarf flutning aðgerðastjórnar frá lögreglustöð í nýju aðgerðastjórnstöðina
- Huga þarf að upphafsstigum aðgerðar
- Endurskoðun neyðaráætlunarinnar í samvinnu við AVRIK

### Brunavarnir

- Brunavarnir á Héraði vantar búnað til meðhöndlunar eiturefna
- Fjölga þarf fjarskiptarásum í bíl nr. 2
- Nýta betur tækjabúnað á flugvelli (payloader, flugvélastiga osfrv.)
- Þjálf þarf aðkomu slökkviliðsmanna að slysstað
- Útbúa þarf kort sem sýnir helstu slóða, vegi, byggingar og fleira í nágrenni flugvallarins
- Útbúa þarf lista yfir bjargir á Héraði

### Vettvangsstjórn

- Bæta þarf vinnuskipulag lögreglunnar á slysstað m.t.t. forgangsröðunar verkefna
- Nauðsynlegt er að lögreglan eigi þjálfaða lögreglumenn í vettvangsstjórn
- Athuga þarf staðsetningu vettvangsstjórnar
- Bæta þarf vinnuástöðu vettvangsstjórnar
- Athuga staðsetningu innra biðsvæðis
- Huga þarf að staðsetningu innri lokunar
- Bæta þarf samskipti og eftirlit við fjölmiðla
- Skipuleggja þarf betur biðsvæði björgunarliðs og skráningu þess
- 

### Heilbrigðisþjónusta

- Bæta þarf móttökuaðstæður á HSA
- Koma þarf á samþjálfun heilbrigðisstarfsmanna og annarra björgunaraðila (reglubundnar æfingar)
- Skipuleggja þarf samskipti HSA og fjöldahjálparstöðvar RKÍ
- Yfirfara síma- og faxnúmer í hópslysaáætlun HSA
- Nauðsynlegt er að hafa einn stjórnanda á hverjum slysstað, sé hann margskiptur
- Viðbragðs- og björgunaraðilar þurfa að nota viðurkennd og samræmd vinnubrögð við umönnun og meðferð slasaðra

### Fjöldahjálp

- Skilgreina þarf innra skipulag og starf fjöldahjálparstöðvarinnar og Rauða kross deildarinnar
- Skráningarblöð RKÍ þurfa að vera í þrítíti
- Setja þarf upp og fara eftir merkingum innan fjöldahjálparstöðvar

---

### **Flugmálastjórn**

- Bæta þarf upplýsingastreymi frá flugturni til flugrekstraraðila / flugstöðvar
- Koma þarf upp búnaði fyrir söfnunarsvæði slasaðra, s.s. búkka, krossviðarplötur, súrefniskúta ofl.
- Breyta aðstöðu í flugturni til að koma að fleiri starfsmönnum
- Kaupa faxtæki og koma fyrir á söfnunarsvæði slasaðra (vélageymslu)
- Kaupa þarf endurskinsvesti á flugvallarstarfsmenn
- Vantar talstöð með skanner á björgunarsveitabylgjum í flugturn
- Setja upp varatalstöð á flugbylgjum í flugturn (multichannels)
- Endurskoða þarf boðunarkerfi starfsmanna FMS

### **Flugslysarannsókn**

- Stjórna þarf umferð um slysavettvang m.t.t. rannsóknarþáttarins
- Skilja þarf eftir númeraða afrifu af frumgreiningarborða (sprey virkar ekki)
- Rannsóknarlögregla þarf að útvega sér númerspjöld til merkingar á vettvangi

### **Fjarskipti**

- Ófullnægjandi fjarskipti aðgerðastjórnar við vettvangsstjóra þarf að skilgreina og lagfæra
- Endurskoða og skipuleggja þarf fjölda talstöðva í vettvangsstjórnarbíl
- Fara þarf eftir fjarskiptaskipulagi
- Efla þarf kennslu og notkun á fjarskiptabúnaði

### **Annað**

- Setja myndbandsupptökuvél í valda lögreglubíla
- Þróa þarf frumgreiningarborða fyrir merkingu skjólstæðinga á slysstað (Landlæknisembættið)
- Skipuleggja þarf loftflutninga í samvinnu AVRIK, Landlæknisembættisins, Neyðarlínunnar og FMS
- Stjórnstöð (a.m.k. sjúkraþjónustubás) AVRIK taki þátt í æfingum
- Einnota búningar fyrir rannsóknarmenn við rannsókn á vettvangi
- Samræma þarf áfallahjálp ýmissa aðila og gera þarf ráð fyrir henni í verkþáttaskipuritiog í hópslysaáætlun
- Skilgreina þarf störf presta í hópslysavíðbúnaði
- Skilgreina þarf staðsetningu og uppsetningu á biðsvæði tækja og búnaðar (til tryggja hámarksnýtinu búnaðar)

---

**Flugslysaæfing á Egilsstöðum 4. – 7. maí 2000**  
**Lokafundur í skólanum.**

Eftir að Hallgrímur Sigurðsson hafði boðið alla velkomna, hvatti hann menn til að vera stuttur og bauð síðan hópstjórum að segja frá því sem var efst í huga þeirra að lokinni æfingunni.

Hópstjórar komu fram einn af öðrum og sögðu frá því helsta sem að þeim snéri og stikkluðu á stóru varðandi það sem vel var gert og því sem betur mátti fara. Síðar munu þeir skila nánari athugasemdum í skriflegu formi og senda Hallgrími eða Kristjáni Torfasyni sem mun halda upplýsingunum til haga. Í heildina voru menn almennt ánægðir með æfinguna og mátti draga góðan lærdóm af henni.

Að loknu stuttu yfirliti frá hópstjórunum var opnað fyrir almenna umræðu og máttu viðstaddir tjá sig um æfinguna.

Umræður hófust með því að Daníel U-Behrend, flugvallareftirlitsmaður spurðist fyrir um það hver bæri ábyrgð á því, hvenær var farið yfir á. Hann fékk fljótt svar við því að vettvangsstjóri bæri þá ábyrgð.

Þórhallur Pálsson í aðgerðarstjórn þakkaði fyrir og líkti þróun mála við æfinguna við LÚDÓ. Eftir að hafa lýst því aðeins nánar, sagðist hann hafa orðið hissa þegar æfingin var stöðvuð því margt var ógert sem mátti láta reyna á.

Ingólfur Arnarson, umdæmisstjóri tók næstur til máls og sagðist hafa verið síðastur af félögum sínum á slyssað. Umfang slyssins var mikið og dreifðist þetta um stórt svæði, jafnvel voru einhverjir slasaðir handan árinna. Honum fannst dragast of lengi að þeim sem voru handan ár væri sinnt svo hann fór sjálfur ásamt öðrum yfir á og hlúði að þeim. Taldi Ingólfur æfinguna samt hafa tekist vel en nefndi eitt atriði sem var ekki gott. Slökkviliðsbíllinn sem fór fyrstur á vettvang náði ekki sambandi við turninn.

Karen Erla Erlingsdóttir frá RKÍ þakkaði fyrir og sagði æfinguna hafa veitt mikla reynslu. Hún nefndi að gott væri ef menn gætu auðkennt sig betur í talstöð. Sem dæmi nefndi hún að fimm menn bæru nafnið Finnur.

Ágúst Svansson svaraði athugasemdum um slasaða handan árinna og sagði að búið hafi verið að bíða um bát, en nauðsynlegt sé að halda áfram störfum en bíða ekki.

Daníel kom seinna inn í umræðuna aftur og sagði að þeim hafi verið sagt að bíða, þó svo að þeir væru komnir með bát.

Pétur Heimisson, læknir taldi æfinguna hafa tekist vel og talaði aðeins um loftbrúna sem gekk vel. Það vantar sjúkrahús á flugvöllinn.

Helgi Kjærnested, vettvangsstjóri tók til máls og ræddi aðeins um útkallsmál.

Stefán Þórarinnsson, læknir þakkaði fyrir og vonaðist til að allir væru reynslunni ríkari. Hann vildi koma á framfæri ábendingu frá Eskifirði og Reyðarfirði um að sjúkrabílar þaðan hafi ekki verið nýttir eins og tilefni stóð til.

---

Pá tók til máls einhver frá Reyðarfirði (undirritaður náði ekki nafninu) sem taldi að nýting á sjúkrabúnaði hafi ekki verið nægilega góð. Einnig vantaði í fjarskiptin að menn notuðu nafn til að auðkenna sig.

Ásta frá Fáskrúðsfirði sagðist vera að heyra það í fyrsta skipti að öllum (neðan af Fjörðum) hafi verið boðið að vera með.

Hallgrímur svaraði því til að mikil áhersla væri lögð á að nágrannabyggðum væri boðið að vera með í svona æfingu til þess að reynslan færi sem víðast. Því miður virðist boðið ekki hafa komist til skila hjá öllum, en stundum gæti rígt á milli sveita verið um að kenna.

Karen Erla sagði að reynt hafi verið að hafa samband við alla aðila.

Soffía Lárusdóttir nefndi nokkur atriði sem betur mættu fara:

1. Þarf að einfalda innskráningarblöð.
2. Þarf að stækka reitina á eyðublöðunum.
3. Vantar e.t.v. fax-tæki í greiningarstöð.

Sólveig Þorvaldsdóttir hjá AVRIK svaraði því til að hún óskaði eftir að öllum breytingartillögum að eyðublöðum væri komið til AVRIK. Þá nefndi hún að AVRIK hafi átt mjög gott samband við Neyðarlínuna 112. Taldi Sólveig þetta hafa verið góða æfingu, en frumkvæðið að henni eins og öðrum slíkum flugslysæfingum kæmi frá Flugmálastjórn. Mikilvægt væri að heimamenn héldu áfram að æfa sitt skipulag.

Baldur Pálsson, slökkviliðsstj. Brunav. Héraði þakkaði fyrir æfinguna og sagði upplagt að skella annarri æfingu á núna kl. 15:00 til að bæta hnökranum sem upp hefðu komið. Hann sagði að Lárus Bjarnason, sýslumaður væri mjög ánægður með æfinguna.

Sólveig sagði að gott væri að koma Austur aftur í september til að fara yfir dæmið.

Rúnar Reynisson, læknir á Seyðisfirði þakkaði fyrir, en hann var í greiningarstöðinni. Fannst honum vanta fleiri í að bera sjúklinga. Skoða þarf hvort meira súrefni þyrfti að vera til staðar.

Jóhanna I. Sigmarsdóttir, prestur á Eiðum þakkaði fyrir og sagðist hafa kynnst mörgu fólki í gegnum æfinguna. Hennar hlutverk var að sjá um aðstandendur látinna en þeir létu ekki sjá sig.

Sverrir sem lék aðstandanda spurði hvað væri eðlilegur tími þar til aðstandendur fengu upplýsingar um ættingja í slysinu.

Fram kom í svari Helga Kjærnested og Árna Birgissonar að það gæti verið svo mismunandi, jafnvel dagar og færi eftir ýmsum atriðum. Inn í þetta spunnust umræður þar sem bent var á að misvísandi upplýsingar voru á reiki. Aðstandandi kom út í skóla kl. 16:00 en hann átti 10 ára son í slysinu. Farþegalisti var kominn í skólann einni klst. eftir slysið en upplýsingar dögust. Einnig kom fram að eyturefni hefðu verið um borð í vélinni sem töfðu framgang mála. Seint um síðir komu upplýsingar um soninn sem var líklega farinn Suður með flugi.

---

Kvartað var um að sést hafi út á flugvöll, þar sem slysið átti sér stað, frá skólanum (þar sem sett var upp fjöldahjálparstöð) og það hafi verið mjög neikvætt. Síðan var varpað fram spurningu um það hvort ekki hefði verið hægt að setja í forgang að upplýsa aðstandendur um látna ættingja.

Carlos Ferres, prestur í Kolfreyjustaðarprestakalli ræddi aðeins um upplýsingaflóðið og innskráningarlistann.

Ásta sagðist hafa lagt mikla vinnu í að merkja leiðir í fjöldahjálparstöðinni en síðan voru þessar merkingar ekkert notaðar.

Erla Sigrún Einarisdóttir, aðstandandi sagði að það hafi farið í taugarnar á henni þegar aðrir aðstandendur voru að koma og greina frá einhverjum upplýsingum.

Einar Halldórsson, umdæmisstjóri Flugfélags Íslands greindi stuttlega frá því sem upp á starfsmenn Flugfélagsins stóð, hvenær fréttatilkynningar voru lesnar upp o.sv.fr.

Þórhallur Árnason, lögreglumaður á Eskifirði ræddi m.a. um samstarf lögreglunnar og björgunarsveitarmanna og fannst vanta að fleiri björgunarsveitarmenn kæmu lögregunni til aðstoðar.

Helgi Kjærnested svaraði því til að það hafi ekki verið úr svo mörgum björgunarsveitarmönnum að moða og menn hefðu orðið að sýna biðlund.

Erla kvartaði m.a. undan því að æfingin var flautuð af of fljótt.

Ingólfur, aðstandandi sá ýmsa hnökra varðandi samskipti við aðstandendur. T.d. voru þau send fjögur saman upp á fjöldahjálparstöð, en hægur vandi var fyrir þau að fara beint út á slysstað sem þau létu samt vera.


Nokkrir tóku til máls um samskipti við aðstandendur, m.a. Júlía og fleiri en ekki náðist að skrá það allt niður. Greinilegt var að allir reyndu að leggja sig fram í að sinna aðstandendum eftir bestu getu, koma upplýsingum til þeirra o.sv.fr. en þetta er alltaf viðkvæmt mál og erfitt.

Erfitt var að punkta niður allt sem fram fór á fundinum því þetta gekk hratt fyrir sig og margir gáfu athugasemdir um framgang mála. Vonandi hafa engar mikilvægar upplýsingar glatast og ekki er minnst á alla sem til máls tóku. Gott væri að taka þessa fundi upp á segulband eða video í framtíðinni.

Hallgrímur lauk fundi kl. 15:20 með því að þakka öllum fyrir þeirra þátt í æfingunni. Hann hvatti menn til að senda sér tölvupóst með athugasemdum um gang mála í hinum ýmsu þáttum flugslysaæfingarinnar.

Fundarritari: Bergþór N. Bergþórsson





### Kafli 3

#### Almannavarnir - Aðgerðarstjórn



---

## Samantekt Árna Birgissonar sviðsstjóra Almannavarna ríkisins vegna flugslýsaæfingarinnar Egilsstaðir 2000.

Samantekt þessi er þrískipt. Fyrst kemur tímasett atburðaskráning sem tekur yfir útkallið og helstu tímasetningar sem að undirrituðum snéru. Þar á eftir kemur almenn samantekt um það hvernig til tókst og að lokum eru upptalin nokkur lærdómsatriði.

Undirritaður dvaldi megnið af æfingartímanum í aðgerðastjórnstöðinni sem var í húsakynnum lögreglunnar.

### Atburðaskráning “logg”

Neðangreindar tímasetningar taka mið af úri undirritaðs. Því ber að skoða þær í innra samhengi en ekki til nákvæms samanburðar við tímasetningar annarra aðilla.

- 15:30 Æfingin ræst með því að eldur var kveiktur á vettvangi.
- 15:30 Reykur á vettvangi sést frá flugturni.
- 15:37 Boðtæki hjá lögreglunni á Egilstöðum “pípa”.
- 15:37 Boðtæki hjá Brunavörnum Héraðs “pípa”.
- 15:37 Boðtæki hjá Björgunarsveitinni Héraði “pípa”.
- 15:38 Fyrsta símtal inn á lögreglustöðina á Egilsstöðum (tilkynning um slysið).
- 15:39 Fyrsti lögreglubíll fer úr húsi.
- 15:40 Neyðarlínan búin að boða út alla viðbragðsaðila skv. áætlun.
- 15:40 Aðgerðastjórn hefur störf (menn að tínast í hús).
- 15:45 Símar farnir að hringja hjá aðgerðastjórn.
- 15:47 Fyrstu meldingar frá vettvangi í gegnum fjarskipti.
- 15:49 Vettvangsstjóri skipaður af lögreglustjóra tilkynnir komu á vettvang.
- 15:49 Rauða krossdeild tilkynnir opnun fjöldahjálparstöðvar.
- 15:50 Allir aðgerðastjórnarmenn mættir í hús.
- 15:52 Heilsugæslustöðin tilkynnir sjúkrabíl með greiningarsveit úr húsi.
- 15:56 Aðgerðastjórn hefur samband við Almannavarnir ríkisins og tryggir að uppsetning loftbrúar sé hafin.
- 16:01 Fyrstu beiðnir til aðgerðastjórnar koma inn.
- 16:02 Vettvangsstjóri staðfestir samband við stjórnandi lækni á söfnunarsvæði slasaðra.
- Ca. 16:10 Fyrsti stöðufundur aðgerðastjórnar haldinn.
- 16:19 Allir skjólstæðingar fundnir.
- 16:48 Annar stöðufundur aðgerðastjórnar haldinn.
- 16:48 Fjarskiptasamband aðgerðastjórnar og vettvangsstjórnar dottið út.

### Almenn samantekt

Við æfingu þessa samþykkti almannavarnarnefnd Fljótsdalshéraðs að vinna eftir aðgerðastjórnarskipulagi því sem Almannavarnir ríkisins vinna að þróun og útbreiðslu á. Þar sem að það skipulag er enn í mótnun var æfingin kærkominn atburður við frekari þróun þess. Að sama skapi gengu heimamenn ekki beint inn í tilbúið skipulag til þess að vinna eftir, heldur lögðu af mörkum töluverða mótnarvinnu vegna eigin vinnu. Óhætt er að segja að undirbúningur og framkvæmd af hálfu almannavarnarnefndar- og aðgerðastjórnarmanna hafi tekist vel. Sýndum menn mikinn áhuga á að móta og þróa starfsfyrirkomulag sem myndi henta aðgerðastjórn þeirri sem sett var upp og þeirri starfsaðstöðu sem menn höfðu.

Á fimmtudeginum var rætt um aðsetur aðgerðastjórnarinnar, stöðutöflunnar og talstöðvamál. Föstudagurinn var svo notaður til að fara yfir SÁBF kerfið (stendur fyrir: Stjórnun, Áætlanir, Bjargir og Framkvæmdir), aðgerðastjórnarhugmyndir og útfærslu þeirra fyrir þessa æfingu. Skipt var í vinnuhópa eftir verkþáttunum fjórum (SÁBF) og vann hver hópur að mótnun gátlista vegna síns verkþátts. Þá voru unnin eyðublöð vegna beiðna og skilgreint fyrirkomulag við afgreiðslu beiðna. Notkun á hvítum töflum var skilgreind og fengnir tveir skrásetjarar til liðs við aðgerðastjórnina. Vinnan innan aðgerðastjórnarinnar tókst í heildina vel. Verkaskipti manna voru nokkuð ljós og öllum helstu verkþáttum var sinnt. Tveir þættir sem iðulega koma upp sem stórir póstar og gjarnan skarast milli verkþátta eru: skráning / upplýsingar um staðsetningu fórnarlamba annars vegar og samskipti / upplýsingar um flutning og endastaði sjúklinga hins vegar. Þessir þættir voru vel leystir með því að setja einn ákveðinn mann yfir hvorn þáttinn. Þannig hélst góð yfirsýn yfir hvort um sig og sannaði

---

gildi sitt m.a. að lokum þegar að komið var að því að fara yfir hvort öll fórnarlömb hefðu fundist og væru komin á endastöðvar.

### Lærdómur

Hér bera að gæta þess að þeir lærdómspunktur sem teknir eru fram eru ekki í tíma röð og mikilvægi þeirra er mjög breytilegt.

⇒ Notast var við sameiginlegan boðunar kóða fyrir allar viðbragðseiningar. Láðst hafði að kynna fulltrúum lögreglunnar hver lykll kóðans væri. Mikilvægt að bætt sé úr því, sé ætlunin að nota sameiginlegan kóða.

⇒ Nokkur misskilningur varð af æfingarlegum toga, varðandi ferðir loftfara. Þannig gáfu sumir upp áætlaðan tíma á meðan að aðrir settust yfir og reiknuðu út nákvæman: undirbúnings, flug og biðtíma. Mikilvægt að menn gæti að sér við að draga lærdóm af slíkum misskilningi.

⇒ Misræmi kom upp í samantektar málum milli vettvangsstjórnar og aðgerðastjórnar, er varðaði afdrif fórnarlamba. Þar sem að við upphaf æfingarinnar lágu allar upplýsingar um fjölda sjúklinga og skiptingu þeirra, vissu menn þegar ljóst var að tveir væru ófundnir að þeir hafi átt að vera óslasaðir. Vettvangsstjórnin skráði þá á samantektarblaðið að þessir tveir hafi verið óslasaðir, en í raun hefðu þeir átt að skrást sem ófundnir (og þar með ástand óviss). Hér er einnig um misskilning af æfingarlegum toga.

⇒ Fyrirkomulag og stjórnun á stöðufundi í aðgerðastjórn hefðu mátt vera markvissari, t.d. með því að fulltrúi hvers verkþáttar gerði grein fyrir stöðu sinna mála. Heildar staðan dregin upp og loks lagt á ráðin um næstu skref.

⇒ Það að bregða á það ráð að hafa ákveðna menn í sérverkefnunum tveimur: flutningur slasaðra og skráning / staðsetning fórnarlamba; reyndist mjög vel.

⇒ Upplýsingar um afdrif fórnarlamba bárust hægt til fjöldahjálparstöðvarinnar.

⇒ Fjarskiptasamband vettvangsstjórnar og aðgerðastjórnar brást þegar leið á aðgerðina. Mikilvægt er að finna út hvað það var sem gerðist til að tryggja að það gerist ekki aftur.

⇒ Varðandi upphaf aðgerða á vettvangi virðist sem menn hafi verið of uppteknir að taka þá “pósta” sem þeim var ætlað að sinna þegar allar viðbragðseiningar væru komnar á vettvang, í stað þess að byrja á að sinna lífsbjargandi aðstoð og dreifa sér síðan á viðeigandi pósta eftir því sem fleiri bjargir kæmu inn í aðgerðina.

---

**Bókanir aðgerðarstjórnar venga flugslysaæfingar 6.maí 2000 á Egilsstöðum. Almannaþingarnefnd var ekki virkjuð en tók þátt á aðgerðarstjórnunartígi og hefði komið saman ef tilefni hefði gefist. Aðgerðarstjóri Baldur Pálsson, slökkviliðsstjóri.**

### Ritari Jóhanna Bergmann mætt kl. 15:47

- 15:40 Tilkynnt um að F-50 brotlenti á norður-Egilsstaðavallar. Ca. 50 farþegar. Mönnun tekin út kl. 15:50.
- 15:50 Sjúkrahús tilkynnir 1 sjúkrabíl farinn af stað, mannaður.
- 15:52 Vettvangsstjórn farin af stað á flugvöll.
- 15:53 Búið að slökkva eld.
- 15:52 Allir verkþættir Á,B,F mannaðir.
- 15:52 Staðfest umboð vettvangsstjóra.
- 15:51 Fulltrúi Rauða Kross mættur.
- 15:53 Staðfest að farþegar eru 45 þ.a. 5 börn + 3 í áhöfn. 400 kg. farangur + 50 kg. frakt innih. óþekkt.
- 15:48 Rauði Kross opnar fjöldahjálparstöð.
- 15:50 Pétur læknir í greiningarstöð.
- 15:56 AVRIK tilk. um slys, óskar eftir loftbrú og að landlækni verði tilkynnt um það.
- 15:58 RLS tilkynnt um slysið. ID nefnd.
- 16:02 Beið um mannskap með klippur.
- 16:05 Beið um meiri mannskap í sjúkrahjálp. (beiðni frá Ingjalði).
- 16:00 Rætt við Heilsugæslulækni. Óttar, öll fjarskipti komin á.
- 16:00 Búið að kalla út lögreglu og slökkvilið af fjörðum.
- 16:05 Allar björgunarsveitir kallaðar út.
- 16:05 Lögregla á Seyðisfirði á leiðinni.
- 16:10 Heilsugæsla biður um löggæslu við aðkomu að sjúkrahúsi.
- 16:11 Þorsteinn hjá rannsóknarnefnd flugslysa tilk. að nefndinni sé kunnugt um slysið. Samb. haft við gæsluna, reiðubúnir í flug ef þörf krefur.
- 16:12 Soffía Ingólfssdóttir hringdi að spyrjast fyrir um son sinn, Svala Sigurðsson (ungur). Henni vísað á Rauða Krossinn – í fjöldahjálparstöðina – þar sé hjálp f. hans líka.
- 16:09 Heilbrigðiskerfi sett í viðbragðsstöðu á öllu Austurlandi + FSA + slysadeild.
- 16:14 Beiðni um sjúkrahjálp og mannskap v/klippa, komið áfram til vettvangsstjórnar (Stefáns).
- 16:16 112 kallar eftir aðstoð frá Austfj.-Esk.-Fásk.-Djúp.-Vopn.-FSN.
- 16:16 Beið um fleiri menn í gæslu. Helgi J. fær erindið
- 16:00 FÍ AK getur sent 1 vél (uppgefið frá 112).
- 16:16 Samband haft við fjöldahjálparstöð. –Allt ok. menn á öllum póstum.
- 16:17 12 látnir, 28 slasaðir, 8 óslasaðir =48 Grein gerð fyrir öllum farþegum.
- 16:18 Lögregla send í gæslu á Heilsugæslu.
- 16:00 FÍ getur sent 2 vélar, 8 körfur, kl. 16:15 og 16:20.
- 16:25 Aðgerðarstjórn metur mönnun á vettvangi ábótavant. Helgi hefur samband við Stefán Sig. (ekki svarað). Uppl. vantar um mannskap á skaðasvæði. Helgi hefur samband við Guðmund. Biður Helga K eða Stefán. Samtal við

- 
- Stefán: Reynt að ná í Hlyn á rás 6 eða í GSM. Stefán kannar ástand mála hjá Hlyni.
- 16:31 Lárus pantar farþegalista.
- 16:33 Slökkvilið frá fjörðum ókomið.
- 16:34 Lárus biður fjöldahjálparstöð um farþegalista.
- 16:34 Slökkvilið af fjörðum gert að gefa sig fram við vettvangsstjóra.
- 16:30 60 – 70 björgunarliðar inni á skaðasvæði.
- 16:30 Haft samband við stjórnandi lækni.
- 16:10 Fór í loftið frá AK 19 sæta vél 4 starfslið 4 hjúkrunarfr. 4 töskur, koma 17:00.
- 16:15 ADR-vél frá Rek. 49 sæti, 8 börur. 17:15
- 16:20 Fokker vél frá Rek., 8 börur, 50 sæti, 2 greiningarsveitir um borð, hver 5 manna. 17:20.
- 16:10 Landhelgisgæsla, báðar þyrlur sendar af stað – einnig Fokker vél þeirra. Flutningsgeta 27 í börum.
- 16:43 Farþegalisti kominn. Svali Sigurðsson er ekki á listanum. Skilaboðum komið áfram til vettvangsstjóra.
- 16:45 Lárus samþ. fréttatilkynningu frá Flugf.Ísl.
- 16:45 Hættulegt eiturefni fundið. Vettvangur rýmdur – slökkviliði tilkynnt.
- 16:46 Farþegalisti staðfestur. Spurning með Svala.
- 16:50 Engir komnir í fjöldahjálpastöð.
- 16:51 Eiturefni staðfest vera Klór-metan. Kæling á efninu farin í gang.
- 16:52 Baldur biður um forgang á uppl. um status eiturefnamála. Helgi K. móttukur.
- 16:55 10 slökkvil.menn eru að verða súrefnislausir með reykköfunarbúnað. Uppl. frá slökkviðsliðsstjóra.
- 16:57 Staðfest að slökkvilið fjarðanna er á skaðasvæði. Fjarðamenn eru með loft.
- 17:02 Í ljós kom að Svali Sig. er í raun Svalur Sig. og er á farþegalistanum. Vettvangsstjórn látin vita um þennan misskilning.
- 17:03 Helgi hringir í Karen Erlu.
- 17:03 Gæslan- Fokker 50 frá Reykjavík. m/15 börur. Líf með 7/börur kl. 17:30 frá Rek.
- 17:05 Eiturefnakar er farið af stað.
- 17:05 Karen Erla staðfestir – allt OK á fjöldahjálparstöð. Uppl. um afdrif slasaðra vantar alveg – frá lækni.
- 17:12 3 slasaðir á heilsugæslustöð.
- 17:13 Alvara – smá hlé vegna flugtaks vélar flugmálastjórnar.
- 17:15 Seinkun á vélum gæslunnar. Fokker 19:30. Þyrla 19:00 = komutímar. RNF 3 koma með þyrlu.
- 17:17 Slökkviliðsstj. á skaðasvæði biður um nánari uppl. um meðferð eiturefnanna.
- 17:20 Haft samband við Hollustuvernd – eiturefni má meðhöndla í samræmi við handbók.
- 17:18 Sjúkrabíll frá Nesk. tilk. um að þeir séu mættir – sagt að gefa sig fram við þátttökustöð.
- 17:25 Tilk. um seinkun á þyrlu til 19:30.
- 17:25 5 vélar mættar skv. flugturni, engar fleiri væntanlegar. Þyrla væntanleg eftir 7 mín. Turn biður um uppl. um æskilegan landingarstað f. þyrlu. Bent á að lenda við greiningarstöð.
- 17:25 Greiningarsveit á vettv. Valur: svartir 11, rauðir 14, 2 grænir 16 gulir= 43
- 17:20 Beið um sérstaka vernd f. áhöfn.
- 17:25 Friðjón fær þessa beiðni.
- 17:28 Flugstjóri fundinn á spítala. Lögregla send á staðinn.

- 
- 17:29 14 sjúkraflutningamenn }  
 27 björgunarsveitarmenn } staðfest að þessir eru á skaðasvæði.  
 4 rauða kross menn }  
 1 prestur }
- 17:38 Karen Erla biður um allt sem aðgerðastj. hefur um afdrif fórnarlamba.  
 17:35 Lárus biður um nánari uppl. um afdrif fórnarlamba.  
 17:42 Þórhallur P. og Methúsalem sendir á vettvang til þess að leita upplýsinga.  
 Verða í beinu símasambandi.  
 17:50 Benedikt Stef. flugmaður fundinn, er á leið til Reykjav. með flugi.  
 17:55 Bókað að flutningsgetu sé fullnægt. Eiturefni fjarlægð og vistuð á slökkvistöð.  
 18:00 Valur telur 44 farþega fundna. 4 ófundnir. Bráðaleit að hefjast. (samtal Helgi J.)  
 18:04 Fokkervél frá gæslu er lent.  
 18:07 Flugfreyjan er í fjöldahjálparstöð, lögregla er á leið til hennar. (Helga Kristín er nafnið).  
 18:02 6 fórnarlömb farin með flugvélum, 3 til Rek. með þyrllu og 3 til Akureyrar (17:52)  
 18:13 Methúsalem af vettvangi – Þórhallur kyrrsettur því hann er ómerktur. Helgi biður lögreglu að lóðsa M & P um vettvang til að leita uppi staðf. uppl. um afdrif.  
 18:17 6 sjúkl. eru á sjúkrahúsi.  
 17:40 Fór fokkervél m 8 manns.  
 18:22 Beiðni frá vettvangi um sporhund á staðinn. Almannavarnir farnar í málið strax.  
 18:24 Leitarhundur væntanlegur eftir 30 mín frá Seyð.  
 18:28 Helgi – Valur. Rannsóknarteymi hefur rannsókn. Eru norðan v. á. þar er eitt lík. Hefja svo rannsókn á aðalvettvangi – þar eru öll lík óhreyfð og bíða rannsóknar, að henni lokinni má hefja brottflutning á líkum.  
 18:30 46 fundnir. 2 týndir skv. Helga K. vettvangsstjóra.  
 18:30 3 sjúkl. (grænir) sendir á Norðfjörð.  
 18:33 AVRÍK kallar út auka björgunarlið v/bráðaleitar. Kafarasveit kölluð út. Kemur frá nærliggjandi umdæmum.  
 18:36 Flugstjóri fær lögreglufylgd á flugvöll. Útskrifaður af sjúkrahúsi.  
 18:40 Beiðni um börur og líkpoka.  
 18:41 48 fundnir, staðfest af vettvangsstjóra.  
 18:42 Vettvangsstjóra tilkynnt um að hreinsa fórnarlömb út af greiningarstöð – koma þeim þangað sem þau eiga að fara eða í fjöldahjálparstöð.  
 18:45 Helgi tilkynnir vettvangsstjóra að lögregla yfirtaki vettvangsstjórn. Æfing, varðandi björgun lokið, nema flutn. slasaðra og rannsókn.  
 18:46 Helgi tilk. Vali um ofangreint.  
 18:50 Allir fluttir burt af greiningarstöð – tilkynnt frá greinst.  
 18:55 AVRÍK afturkallar beiðni um auka björgunarlið, kafara og hund.  
 18:56 Baldur boðar vettvangsstjóra (Helga) í aðgerðarstöð til fundar.  
 19:00 Rannsóknarlið biður um bjsv. til að leita að svarta kassa.  
 19:00 Helgi K. endurvankinn sem vettvangsstjóri björgunarliðs og tengiliður aðgerðarstjórnar.  
 19:05 Uppl. frá fjöldahjálparstöð um afdrif fórnarl. hafa borist og eru bornar saman við farþegalista. Uppl. frá Heilsugæslu beðið.

- 
- 19:10 Svartir kassar fundnir. Verið að skrá og greina látna og flytja þá í gám. Svæðið breiðleitað.
- 19:12 Lögreglu sagt að hætta þegar þurfa þykir.
- 19:10 Log – skráning og beiðnir og eyðubl. nr. 9 afhent áætlunargerð aðgerðarstjórnar af fulltr. vettvangsstjórnar.
- 19:18 Helgi K og Viðar J mæta í aðg.stöð.
- 19:20 Tilkynnt að hætta megi skráningu inn og út af svæðinu.
- 19:22 Stefán Þórarinsson og Helga, fulltr. Rauða Kross (ritari) yfirgefa aðg.stj.
- 19:22 Helgi ræðir við Karen Erlu. Rauði Krossinn heldur áfram um stund. Kvarta yfir að hafa engar uppl. um afdrif fórnarlamba.
- 19:28 Rannsókn hætt. 10 lík þekkt, 2 lík óþekkt. ID nefnd fær það verkefni.
- 19:30 Friðjón og Valur tilkynna hvor um sig um að aðgerðum sé hætt.

F.h. Aðgerðarstjórnar

---

Lárus Bjarnason, form.alm.vn. Fljóts.. etc.

---

**Almannavarnanefnd**  
**Flugslýsaæfing Egilsstöðum 6. maí 2000**

S-stjórnun, Á-áætlun, B-bjargir, F-framkvæmd

**ÁÆTLUN – gátlisti**

Fá upplýsingar af vettvangi	Flugtun:	471 1207
	Flugfélag:	471 1209 / 471 1900*
	Umboðsmaður FÍ:	471 1208
	Flugmálastjórn:	569 4100

staðsetning, fjöldi fólks/ farþegalisti+ áhöfn, farmur ?

Vettvangsstjórn komin á laggirnar?

Fjöldi björgunarliða?

Starfssvæði / Söfnunarsvæði slasaðra/óslasaðra

Vettvangsstjórnun - áætlun? – vantar aðstoð ?:

1. Leit og bjögun
2. Sjúkra- og fjöldahjálp
3. Vernd og gæsla
4. Flutningur og biðsvæði

Fjarskipti – búnaður / rásir

innan svæðis

við yfirstjórn

*Slökkvilið styrking ? eiturefni ?*

*Björgunarlið þarf fleiri ? sérhæft lið ? björgunartæki?, bátur?*

*Löggæsla þarf fleiri ?, rannsóknarlögrleglan ?*

*Heilsugæslan þarf hún styrkingu ?*

Styrkja heilbrigðisþjónustu:

Greiningasveitir / sjúkrabílar / hjúkrunargögn / vökvi /spelkur / lyf

Heilsugæslan á Austurlandi: Seyð., FSN, Esk-Reyð., Fásk.

Önnur heilbrigðiskerfi: Lsp – Fossvogi ; Læknar / hjúkrun / gögn

FSA ; greiningarsveit

Slökkvilið: sjúkraflutningamenn

Loftbrú – flutningur á aðstoð lengra frá: Flugmálastjórn

Landhelgisgæslan

Ástand flugbrautar ? Veðurskilyrði? Færð?

---

Flutningur frá slysstað að: SSS  
SSÓ  
(SSL)

Flutningur frá greiningarstöð að: Sjúkrahúsum  
Flugvél  
Fjöldahjálparstöð  
(Líkhús)


Bið slasaðra á SSS sem á að flytja til Rvk - Ak  
Læknishjálp á SSS  
Hjúkrun – aðhlynning  
Hjúkrunargögn / Lyf

Fjöldahjálpastöð skráning,  
matur  
klæði  
flutningur í burtu

Ráðgjöf: Mengandi efni (handbók)

---

**Aðgerðarstjórn vegna Egilsstaða 2000**  
**Sími 471 1969 Fax 471 1232**



---

**Aðrir aðilar:**

**Flugmálastjórn**


Flugturn Egilsstöðum  
471 1207  
Umdæmisstjóri Egs.  
471 1208  
Flugstjórn Reykjavík  
569 4141

**Fjöldahjálpastöð RKÍ**

Sími  
471 1146  
GSM  
863 3616 / 863 3608  
Fax  
471 2312  
E-mail  
karene@ismennt.is

**Heilbrigðisstofnun**

Heilbrigðisstofnun  
471 1400 / 471 2081  
Kjartan Einarsson  
892 3090





Kafli 4

Lögregla



---

Fyrirmæli: **1B -1**  
Gildir frá: **16.07.1998**  
Tilvísun: **97070127**

## Reglur um vettvangs- og tæknirannsóknir, töku og vörslu fingrafara og ljósmynda

Kafli	Efni	Bls.
A	Aðstoð við tæknirannsóknir	2
B.	<b>Fingraför og ljósmyndir</b>	6
<b>Fylgiskjöl</b>		
1	Leiðbeiningar um verndun sönnunargagna á vettvangi	
2	Leiðbeiningar um öflun og meðhöndlun gagna til skjalarannsókna	

## Leiðbeiningar um störf lögreglu á vettvangi

### 1. Að bregðast rétt við tilkynningu

Störf lögreglu á vettvangi geta haft úrslitaáhrif á framgang rannsóknar. Mikilvægt er að sá lögreglumaður sem kemur fyrstur á vettvang bregðist rétt við til að vernda vettvang og komi í veg fyrir að sönnunargögn spillist. Hann geri jafnframt aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem að hafa upp á grunuðum og/eða vitnum. Þá tryggja hann að öðru leyti að rannsóknaraðilar er koma á vettvang fái strax greinargóðar upplýsingar um málið.

Mikilvægt er að bregðast fljótt og vel við tilkynningum um afbrot, eða óhöpp. Góð viðbrögð geta skipt sköpum, svo sem stöðvað brot eða komið í veg fyrir afleiðingu óhappa og upplýst mál. Sérstaklega þarf að huga að mannaferðum á eða í námunda við brotavettvang. Athuga þarf sakborning ef hann finnst með sönnunargögn á sér, þá þarf að gæta þess mjög vel, að honum takist ekki að eyðileggja þau eða koma undan. Slíkt getur m.a. gerst við flutning á sakborningi í ökutæki lögreglunnar og á verustað hans á lögreglustöð.

### 2. Mikilvæg atriði þegar komið er á vettvang:

- a) Hvað gerðist og hvenær?
- b) Hvaða afbrot hefur verið framið, ef um það er að ræða og hver, eða hverjir eiga hlut að máli, eða geta borið um atburði?
- c) Hver er tilkynnandi, þolandi, gerandi eða vitni? Eru viðkomandi á vettvangi? Er einhver slasaður eða látinn?
- d) Er einhver í hættu eða einhverjar hættur á vettvangi?
- e) Er hugsanlegur brotamaður á vettvangi eða á leið frá vettvangi?
- f) Er um áhöld, vopn eða ökutæki að ræða? Liggur fyrir lýsing á ökutæki ef um það er að ræða?
- g) Gæta verður að hvað hafi gerst og að huga strax vandlega að því að hugsanleg sönnunargögn eða ummerki spillist ekki.
- h) Hvaða ráðstafanir þarf að gera, svo sem varðandi verndun vettvangs, kalla til aðstoð, svo sem sjúkralið, rannsóknaraðila, hafa upp á vitnum og að öðru leyti að gera ráðstafanir til að tryggja að ekkert spillist, eða glatist.

---

### 3. Lokun vettvangs

- a) Vettvangi alvarlegs brots skal loka fyrir allri umferð eins fljótt og unnt er, aðgengi skal vera í lágmarki og höfð skal stjórn á hverjir fari þar um. Með því er verið að vernda vettvanginn, veita rannsóknaraðilum vinnufrið og koma í veg fyrir að óviðkomandi spilli sönnunargögnum, slasist á vettvangi eða átti sig á málsatvikum sem leynt eiga að fara.
- b) Fylgjast skal með og eftir atvikum skrá upplýsingar um ferðir lögreglu, lækna og sjúkraflutningsmanna sem þurfa að fara um vettvang.
- c) Í alvarlegri málum gæti þurft tvöfalda lokun. Innri lokun er þá komið fyrir á sjálfum vettvanginum, þ.e. þeim stað sem þarf að vernda og einangra. Litið er á ytri lokum sem athafnasvæði lögreglunnar og björgunaraðila. Hafa verður lögreglumenn á vakt við lokanir.
- d) Lögreglumaður sem fyrstur kemur á vettvang á ekki að kanna ummerki sem þar finnast. Hann á að ná heildaryfirsýn og gera ráðstafanir í samræmi við það.

### 4. Viðbrögð þess, sem kemur fyrstur á vettvang

Hann þarf að huga að eftirfarandi atriðum í þessu sambandi:

- a) Loka vettvangi og huga að öryggi löggæslu- og björgunaraðila.
- b) Sé slasaður maður á vettvangi þarf að veita honum aðhlyningu, eða eftir atvikum skyndihjálp. Sé fullvíst að einhver sé látinn á vettvangi má ekki hreyfa við honum.
- c) Vernda og tryggja vettvang. Smáatriði og umhyggja er lykilatriði á vettvangi. Sá lögreglumaður, sem fyrstur kemur á vettvang ber, auk framangreinds, að koma í veg fyrir ónauðsynlega umferð um vettvang og röskun sönnunargagna.
- d) Bera kennsl á þá sem hlut eiga eða gætu átt að máli. Er vitað um grunaða, hver hann er og verustað? Er hann kannski enn á vettvangi? Gera þarf ráð fyrir að handtaka þurfi aðila, flytja hann af vettvangi og færa á lögreglustöð, spítala eða annað, leita á honum, rannsaka hann með tilliti til sönnunargagna og afla framburða vitna.
- e) Frumrannsókn á vettvangi, ákvarða umfang hans og eðli.
- f) Aðstoð vegna stjórnunar, rannsókna, lokunar, ljósmyndunar o.fl.
- g) Skrá upplýsingar með tilliti til skýrslugerðar svo sem vegna aðila, vettvangs, tíma og aðstæðna.
- h) Viðhalda reglu á vettvangi.

- 
- i) Lögreglumaður á vettvangi á ekki að hreyfa þar við neinu fyrir en rannsóknaraðilar eru komnir á staðinn og þá eingöngu samkvæmt fyrirmælum þeirra. Það sem nauðsyn ber til að hreyfa skal áður skráð niður og staður merktur. Tryggja að sönnunargögn raskist ekki. Þá verður að huga að því að veður spilli ekki ummerkjum, t.d. varðandi hjólför, skóför eða annað, þannig að þurft getur að nota yfirbreiðslu til verndunar.
  - j) Snerting muna á vettvangi getur gefið röng einkenni eða þurrkað þau út. Þetta verður að hafa í huga ef nauðsynlegt er að færa muni til, svo sem vegna aðhlyningar slasaðra eða skyndihjálpar.
  - k) Ef nauðsynlegt er að fjarlægja hlut á vettvangi skal merkja nákvæmlega fyrri staðsetningu og mynda hana ef mögulegt er.
  - l) Salerni, handlaug og síma sem tilheyra vettvangi má ekki nota.
  - m) Ekki má reykja á vettvangi og að jafnaði skal nota hanska.

## **5. Söfnun upplýsinga og skráning**

- a) Gæta skal þess við leit að brotamanni, sem og öðrum störfum á vettvangi, að raska ekki ummerkjum.
- b) Mikilvægt er að strax sé haft upp á vitnum þannig að þau hverfi ekki af vettvangi án þess að rætt hafi verið við þau eða að ekki sé vitað deili á þeim. Einnig geta upplýsingar frá vitnum haft mikið að segja varðandi störf á vettvangi og því ekki nægilegt að ætla að ræða við þau síðar. Í alvarlegri málum er mikilvægt að taka skýrslur af hlutaðeigandi aðilum og láta t.d. fara fram mynd- eða sakbendingu.
- c) Gefa verður rannsóknaraðilum glöggar upplýsingar og sérstaklega að gera þeim grein fyrir öllum hugsanlegum breytingum sem orðið hafa á vettvangi. Hafi orðið mistök við skoðun og gæslu vettvangs, skal upplýsa um það. Mistök geta haft alvarleg áhrif á gang rannsókna og því mikilvægt að upplýsingar þar um komist strax til rannsóknaraðila.
- d) Fordast ber að margir séu að spyrja fórnarlömb, eða aðra, um sömu atriðin. Þetta er sérstaklega mikilvægt í viðkvæmum málum, svo sem við dauðsföll og kynferðisafbrot.

## Reglur um haldlagningu og meðferð sönnunargagna

Kafli	Efni	Bls.
I.	Helstu grundvallaratriðin	1
II.	<b>Meðferð, merking, skráning og varsla</b>	3
III.	Afhending og eyðing sönnunargagna	4
IV.	Innra eftirlit	6
<b>Fylgiskjöl</b>		
1	Ferill haldlagðra sönnunargagna	
2	Öflun, verndun og meðferð sönnunargagna	
3	Yfirlit yfir lagaákvæði er varða sönnunargögn	

### I. KAFLI Helstu grundvallaratriðin

#### 1. gr.

Um haldlagningu, skilyrði, framkvæmd, vörslu haldlagðra muna og eyðingu, sbr. til hliðsjónar 78. gr. til 81. gr. í X. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 verður fjallað í reglum þessum.

Lögreglustjórum ber að tryggja að verklag varðandi framkvæmd, meðferð, merkingu, skráningu og vörslu haldlagðra muna, svo sem sönnunargagna, sé með þeim hætti hjá embættum þeirra að tryggt sé að uppfyllt séu skilyrði fyrrnefndra laga og reglna þessara.

Um vettvangs- og tæknirannsóknir, töku og vörslu fingrafara og ljósmynda er vísað til fyrirmæla ríkislögreglustjórans nr. 1B-1.

---

**2. gr.**  
**Mikilvæg atriði**

- a) Að sá sem meðhöndlar sönnunargögn hafi þekkingu og þjálfun varðandi þau atriði sem að því snýr. Hér þarf að greina á milli almennrar meðferðar og sérstakra rannsókna á sönnunargögnum, en slíkar sérfræðirannsóknir eru aðeins á færi sérfræðinga í þeim efnum.
- b) Að innsiglugun sönnunargagna sé með þeim hætti að ekki sé hægt að rjúfa umbúðir nema á þeim sjái.
- c) Meðferð, merking og skráning sönnunargagns sé ótvíræð og óslitin. Sama gildir um innsiglugun og ef rjúfa þarf innsigli, hvort sem er á sönnunargagni eða vettvangi, þá verður að gera grein fyrir því með skráningu í vörsluferlinum.
- d) Vörsluferill sönnunargagns sé í öllum tilvikum skilmerkilega skráður og að ávallt sé vitað hvar hið haldlagða er geymt.
- e) Tryggt sé að sönnunargagn skemmist ekki í meðförum, við flutning eða geymslu.
- f) Vörslu sé háttáð með tilliti til raka, hita og ljóss.
- g) Vörslustaður sé sem best varinn gegn þjófnaði, bruna og öðru sem valdið getur því að sönnunargagn glatist eða spillist.
- h) Skýrt liggi fyrir hjá hverju embætti fyrir sig hverjar aðgangsheimildir séu að sönnunargögnum, hvernig umgengni sé háttáð og hver hafi vörsluábyrgðina. Haldin skal sérstök dagbók um tilefni umgangs, sem geymd er á vörslustað.
- i) Til að vanda meðferð og vörslu sönnunargagna skal komið upp innra eftirliti.
- j) Förgun sönnunargagna má eingöngu fara fram í samráði við ákæranda og eftir atvikum undir eftirliti ríkislögreglustjórans samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

**II. KAFLI**

**Meðferð, merking, skráning og varsla**

**3. gr.**  
**Frumskráning**

Á vettvangi skal skrá haldlagða muni og efni á þar til gert skýrsluform. Rita skal síðan haldlagningarskýrslu á lögreglustöð.

---

#### **4. gr.**

### **Haldlagningarskýrslan og munaskráin**

Í haldlagningarskýrslu kemur tilefni haldlagningar auk ýmissa annarra upplýsinga. Þegar fíkniefni eru haldlögð eru þau færð á sérstaka efnaskrá. Munaskráin/efnaskráin er hluti af málaskrá lögreglu.

- a) Skrá ber í haldlagningarskýrslu alla muni sem hald er lagt á. Ennfremur hvar og hvenær þeir voru teknir og úr vörslum hvers. Merking þarf að vera auðskiljanleg og einföld. Þá verður upprunaleg staðsetning þess og lega á vettvangi að koma skýrt fram og hvaða lögreglumaður/menn fundu það á vettvangi og hverjir voru viðstaddir.
- b) Merking og flokkun muna skal gerð í haldlagningarskýrslu. Þá skal haldlagningarskýrsla og munaskrá skráð með málanúmeri, lögreglunúmeri og nafni þess lögreglumanns sem skráir munina.
- c) Merking skal vera þannig að hún afmáist ekki. Innsigla skal fíkniefni í þar til gerðum umbúðum, samþykktum af ríkislögreglustjóranum. Ef sönnunargagn er varðveitt í gegnsæjum plastpokum, eða lofþéttum umbúðum nægir að merkja umbúðirnar.
- d) Frumrit vörsluferils fylgi haldlögðum hlut en afrit fylgi máli.
- e) Eftir kröfu þess sem lætur muni af hendi skal láta honum í té afrit af vörsluferilsskrá, eftir að viðtakandi hefur kvittað fyrir móttöku, eða að gefa sérstaka kvittun eða staðfestingu.

#### **5. gr.**

### **Varsla haldlagðra gagna**

- a) Varðveita skal haldlagða muni í læstu herbergi eða hirslu.
- b) Lögreglustjóri skal tilnefna sérstakan vörslumann sönnunargagna, þannig að ávallt liggi fyrir um ábyrgð á geymslu. Lögreglustjóri setur nánari reglur um það fyrirkomulag. Ávallt verður einhver að vera ábyrgur fyrir vörslunni, sbr. 2. gr., lið h.
- c) Skrá ber feril muna og hvar þeir eru geymdir. Verði breyting á vörslu þarf að sjá til þess að upplýsingar skráist í vörsluferil, s.s. ef munir eru færðir úr geymslu, þá komi fram hvers vegna, hvert og af hverjum.
- d) Halda skal munum aðgreindum eftir tegund og tryggja örugglega að þeir verði ekki fyrir skemmdum, eða valdi skemmdum á öðrum munum.
- e) Haldlögðum sýnum og fíkniefnum skal halda aðgreindum frá öðrum haldlögðum sönnunargögnum og varðveita á sem tryggastan hátt.

---

**6. gr.  
Lífsýni**

Lífsýnum skal halda aðgreindum frá öðrum sýnum þannig að þau mengi ekki hvert annað. Ef þurrkun er nauðsynleg skal þurrka í góðri loftræstingu við venjulegan stofuhita og að því loknu geyma þau í sérstökum hirslum. Ekki má þurrka þau með hitatæki, svo sem hárrurrku. Lífsýni má einnig frysta og geyma við  $-24^{\circ}\text{C}$  eða lægra. Mikilvægt er að lífsýni séu geymd þar sem þau verða ekki fyrir áhrifum ljóss, hita og raka.

Athuga þarf að ef blóðugur fatnaður er tekinn, að setja hann í bréfpoka en ekki plastpoka, en tryggja þarf að loft leiki um, þar til fatnaðurinn kemst í hendur sérfræðinga.

Dómsmálaráðuneytið hefur sett á stofn nefnd til að vinna að undirbúningi reglna um DNA rannsóknir, töku blóðsýna, skrásetningu og vörslu þeirra, allt í þágu rannsókna sakamála. Grein þessi varðar því eingöngu tiltekin grundvallaratriði en vísað til fyrrnefndra reglna að öðru leyti.

**III. KAFLI  
Afhending og eyðing sönnunargagna**

**7. gr.  
Haldi aflétt**

Samkvæmt 82. gr. 1. nr. 19, 1991, með áorðnum breytingum, skal aflétta haldi þegar þess er ekki lengur þörf og í síðasta lagi þegar máli er endanlega lokið, nema um sé að ræða:

- a) Muni sem gerðir hafa verið upptækir með dómi.
- b) Muni sem aflað hefur verið með refsiverðum hætti og afhentir hafa verið þeim sem tilkall eiga til þeirra.
- c) Gögn sem lögð hafa verið fram í dómi, nema sá sem afhendingar krefst þurfi á gagni að halda til að ná rétti sínum eða afstýra réttindamissi.

Lögreglustjórar tryggi að þegar fyrir liggur að skilyrði þess að gæta munar sem sönnunargagns eru ekki lengur fyrir hendi, séu þegar gerðar viðeigandi ráðstafanir til að ljúka þessum þætti málsins sem og öðrum.

**8. gr.  
Skipta má haldlögðum munum í eftirfarandi flokka:**

- a) Sönnunargögn.
- b) Þýfi. Það getur eftir atvikum einnig verið sönnunargagn.

- 
- c) Muni, sem eru, eða taldir eru þýfi, en ekki hægt að finna hvaðan stolið er né koma þeim til réttis eiganda.
  - d) Muni, sem taldir eru vera þýfi en ekki er hægt að færa sönnur á það, né tengja það tilteknu broti svo sem innbroti á tiltekinn stað.
  - e) Óskilamuni, sem rekur á fjörur lögreglu, en ekki er hægt að koma til réttis eiganda.

Mikilvægt er að munum sé haldið aðskildum eftir því sem við á og sérstaklega að sönnunargögn, sem verið er að geyma sem slík, séu tryggilega varðveitt.

### **9. gr.**

#### **Munum sem eyða má þegar tilteknum skilyrðum er fullnægt**

- a) Fíkniefnaáhöldum, sem afsalað hefur verið eða gerð upptæk með dómi.
- b) Verkfærum, hnífum og öðru sem hefur óverulegt fjárgildi, sem afsalað hefur verið eða gert upptæk með dómi.
- c) Verðlausum munum, enda að jafnaði eitt ár liðið frá haldlagningu, eða frá því að þeim var komið í hendur lögreglu, enda geymsla þeirra með tilliti til kostnaðar umfram verðmæti. Rétt er að hafa í huga að munur kann að hafa persónulegt eða söfnunarlegt gildi fyrir eiganda.
- d) Fíkniefnum og munum, sem gerðir hafa verið upptækir með dómi og ekki hafa sögulegt gildi eða ástæða er til að geyma lengur. Undir þetta falla þó ekki skjöl eða annað sem telst vera hluti af rannsókn máls.

### **10. gr.**

#### **Framkvæmd eyðingar**

- a) Áður en eyðing fer fram verður að ganga óyggjandi úr skugga um að um sé að ræða muni sem heimilt er að eyða.
- b) Eyðing þarf að fara fram á sannanlegan hátt og hjá viðurkenndum aðila, t.d. sorpeyðingarstöð.
- c) Gera skal sérstaka skrá yfir þá muni sem eytt er og fram komi hvar og hvenær eyðing fór fram, hverjir stóðu að henni og hver heimilaði eyðingu. Jafnframt skal hún vottuð af tveimur mönnum.
- d) Þá skal eyðing skráð inn á munaskrá og kvittað fyrir. Ennfremur komi fram dagsetning eyðingar.

Athuga ber að sérstakar reglur gilda um eyðingu fíkniefna og því verður ekki sérstaklega fjallað um þann þátt mála hér.

---

## VI. KAFLI

### Innra eftirlit

#### 11. gr.

##### **Innra eftirlit**

Mikilvæg regla er að gera mánaðarleg uppgjör á haldlögðum munum í vörslu lögreglu. Oftast er hagfelldast að sá eða þeir sem hafa með vörslu muna að gera, haldi einnig úti eftirliti, enda fá þeir í hendur bæði muni og upplýsingar um þá. Sá þáttur eftirlits sem beinist að vörslu muna, þarf hins vegar að hljóta reglulega athugun einhvers utan að komandi, enda tryggir það líka vörslumanninn gegn hugsanlegum mistökum og kemur í veg fyrir tortryggni. Um eftirlit með haldlögðum fíkniefnum gilda sérstakar reglur.

##### **Innra eftirlit þarf m.a. að beinast að eftirfarandi atriðum:**

- ❑ Að yfirfara allar haldlagningaskýrslur og munaskrár.
- ❑ Kanna hvort farið sé að reglum, svo sem varðandi meðferð, merkingu, skráningu og alla umhirðu.
- ❑ Kanna hvort vörsluferill sé ávallt skráður og tryggja að hann sé réttur.
- ❑ Kanna hvort munir séu aðgengilegir og skipulega frá þeim gengið og uppfylli kröfur um vörslu. Séu þeir ófullnægjandi þarf að láta þann sem upphaflega gekk frá mununum lagfæra fráganginn, eða að öðru leyta að ráða bóta á því sem ábótavant kann að vera.
- ❑ Kanna sérstaklega innsiglaða muni og ganga úr skugga um að umbúðir og innsigli sé órofið.
- ❑ Tryggja að óskilamunir séu ekki geymdir með sönnunargögnum, eða a.m.k. aðskildir frá þeim.
- ❑ Kanna með muni sem koma eiga í geymslu en hefur verið skilað.
- ❑ Gera uppgjör á því sem er í vörslu og bera saman við það sem til staðar á að vera samkvæmt bókhaldi.

Kópavogur, 15. október 1999

Haraldur Johannessen

# Öflun, verndun og meðferð sönnunargagna

## Húsleit

### 1. Tilgangur og skilyrði húsleitar.

Í 89.- 91.gr. og 2. mgr. 94. gr. laga nr. 19/1991 er fjallað um leit. Með leit er átt við lögregluaðgerð, sem fólgin er í leit að mönnum og munum og rannsókn á ummerkjum brots og framkvæmd er í þágu rannsóknar opinbers mála. Heimildum til leitar eru settar skorður í 66. gr. stjórnarskrárinnar.

Í handbók dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um meðferð opinberra mála segir svo um tilgang leitar (bls.98):

"Leit hjá sakborningi er því aðeins heimil að hún sé framkvæmd í ákveðnum tilgangi, þ.e. til að handtaka hann, rannsaka ummerki, varðandi rannsókn brots og hald skal leggja á. Öll þessi markmið geta verið til staðar í einu og sama málinu.

Heimilt er að leita hjá öðrum en sakborningi þegar um er að ræða þann stað þar sem brot hefur verið framið eða ef sakaður maður hefur verið handtekinn þar, sbr. 2. mgr. 89.gr. Þá segir að hið sama gildi þegar rökstuddur grunur leikur á að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni eða gögn sem þýðingu hafa fyrir rannsókn málsins og hald skal leggja á.

Með lögum nr. 19/1991 er fellt á brott það skilyrði eldri laga að brot verði að varða ákveðinni lágmarkssekt eða sektum og upptöku til þess að húsleit megi heimila."

### 2. Tilgangur haldlagningar getur verið.

- Að tryggja að sönnunargögn séu til staðar.
- Að tryggja tilvist muna sem ætla má að gerðir verði upptækir.
- Að tryggja tilvist muna sem hafa verið teknir frá réttum eiganda eða vörslumanni með broti.

### 3. Áður en leitin hefst.

Húsleit á að undirbúa vel og mikilvægt að einum ákveðnum aðila sé falin skipulagning hennar og stjórnun. Hann ritar eða tilnefnir einhvern til að rita skýrslu um húsleitina og jafnframt einhvern til að halda utan um vörslu sönnunargagna. Þá verður að hafa í huga að mikilvægt er að huga líka að því, sem á að vera á vettvangi, en er ekki. Hér gæti t.d. verið um að ræða bókhaldsgögn. Að öðru leyti er eftirfarandi mikilvægt:

- Hvaða leitarheimild er fyrir hendi?
- Hverjir taka þátt í leitinni og hvert er hlutverk þeirra?
- Hvaða upplýsingar liggja fyrir um leitarþola?

- Hvaða upplýsingar liggja fyrir um leitarstað?
- Hver er tilgangur leitarinnar og hvar fer hún fram?
- Hvernig verður leitin framkvæmd?
- Hvernig verður komið að vettvangi þannig að viðkomandi geti ekki unnið sakarspjöll?
- Eru einhverjar hættur sem vitað er um?
- Hvaða ráðstafanir þarf að gera til að að sakborningur og hugsanlega meðsekir, komist ekki undan, svo sem um bakdyr eða glugga?
- Hvað er vitað um leitarþola og hugsanlega aðra sem kunna að vera í húsnæðinu? Er t.d. ljósmynd fyrir hendi, ef leitarmenn þekkja viðkomandi ekki? Hverja getur þurft að handtaka og hvernig á að standa að því?
- Hvaða búnað þarf að hafa með sér á vettvang, svo sem með tilliti til þess að hægt sé að haldleggja sönnunargögn?
- Er nauðsynlegt að ljósmynda vettvang fyrir leit?

#### 4. Framkvæmdin

Ávallt þarf úrskurð dómara til húsleitar nema sá sem í hlut á samþykki leit, eða ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Ef leit er gerð þar sem fleiri en einn hefur umráð yfir, skal fá samþykki allra. Samþykki verður að vera skriflegt og fylgja málinu. Samþykki er hægt að afturkalla á hvaða stigi sem er. Leit má framkvæma á hvaða degi sem er og á öllum tímum sólarhringsins ef hún þolir ekki bið. Ef nauðsynlegt er að gera húsleit að húsráðanda eða kærða fjarverandi, skal kveðja til vott, t.d. lögmann sem er viðstaddur leit og gætir réttar þess aðila leit er gerð hjá.

- a) Þess skal gætt að fólki verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar því sem óhjákvæmilegt er. Sérstaka varúð þarf að sýna ef börn eru á staðnum. Þá skal skilja við húsnæðið í því ástandi sem það var í þegar leit hófst. Verði skemmdir á húsnæði við leit ber að taka ljósmyndir af þeim og tilgreina í skýrslu.
- b) Ekki á að leggja hald á muni sem ekki koma málinu við, hafa ekki sönnunargildi og uppfylla ekki skilyrði 78. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hinsvegar verður að gæta þess, að þótt leitað sé að ákveðnum munum, þá séu aðrir munir, sem uppfylla skilyrði haldlagningar einnig haldlagðir. Í þessu sambandi má nefna, að þó svo að verið sé að leita að ætluðu þýfi eru einnig haldlögð ólögleg fíkniefni, sem finnast við leit.
- c) Séu munir haldlagðir og í ljós kemur að þeir eru málinu óviðkomandi og uppfylla ekki lagaskilyrði um haldlagningu skal þegar skila þeim til réttis aðila.
- d) Um leit verður að gera ítarlega haldlagningarskýrslu. Þar komi fram hver stjórnandi leit og hver skráði skýrsluna. Eftirfarandi þarf m.a. að koma fram í skýrslunni:
  - Hvenær leit fór fram.
  - Hvar var leitað (íbúð, herbergi, geymslu, bílskúr, vinnustað eða eftir atvikum annað).
  - Hjá hverjum var leitað.
  - Hvenær hófst leit og hvenær lauk henni?. Skrá skal allar tímasetningar sem skipta máli, s.s. hvenær haft var samband við lögmann o.fl.

- Á hverjum var framkvæmd líkamsleit?
- Samkvæmt hvaða heimild fór leitin fram (dómsúrskurði / skriflegri heimild húsráðanda / leit mátti ekki fresta vegna hættu á sakarspjöllum).
- Hverjir voru viðstaddir leit.
- Hver stjórnaði leit og hver leitaði hvar.
- Hver var handtekinn, ef um það hefur verið að ræða.
- Hvort eitthvað hafi verið haldlagt og þá hvaðan tekið, t.d. í hvaða herbergi og nákvæmlega hvar í herberginu. Hverjir fundu munina.
- Hvað var gert við haldlagða muni.
- Ávallt skulu a.m.k. tveir lögreglumenn vera viðstaddir húsleit og haldlagningu.
- Greinargóð lýsing á leitarsvæði/íbúð/húsi o.fl.

## 5. Fjármunir og önnur verðmæti

- a) Fjármuni og önnur verðmæti, svo sem peninga, verðbréf og annað slíkt, sem lagt er hald á, skulu talin að viðstöddum húsráðanda eða þeim, sem slík verðmæti hafði í vörslum sínum, sé þess nokkur kostur, og honum afhent kvittun fyrir því sem lagt er hald á. Á vettvangi er hægt að setja fjármunina í umslag, sem límt er aftur. Lögreglumaður og kærði skrifi nöfn sín á umslagið þar sem það er lokað og límt yfir þannig að ekki sé hægt að opna umslagið nema losa nafnrítanir. Umslagið verði síðan opnað að viðstöddum kærða. Góð regla er að láta staðfesta munaskýrslu með undirskrift. Lögreglan ber ábyrgð á því sem haldlagt er og skal færa á öruggan stað.
- b) Haldlagða peninga eða tékka, sem ekki er hægt að afhenda, svo sem til þess sem þeim var stolið frá, skal svo fljótt sem hægt er varðveita á sérstökum bankareikningi sem stofnaður er fyrir hvert mál af viðkomandi lögregluembætti. Sama gildir um kreditkortanótur að öðru leyti en því, að þær þarf að afhenda viðkomandi kreditkortafyrirtæki með ósk um að andvirði þeirra verði lagt inn á tilgreindan bankareikning. Kvittun skal fylgja málinu, þar sem fram kemur hvað um viðkomandi fjármuni hafi orðið. Taka verður ljósrit af tékkunum, kreditkortanótum eða gjaldgengum viðskiptabréfum til staðfestingar og eða vegna sönnunarskilyrða.
- c) Ef framkvæma þarf sérstaka rannsókn á peningum, svo sem fingrafararannsókn verður að gæta þess að ummerki spillist ekki. Jafnframt skal haft samband við tæknistofu ríkislögreglustjórans.

## 6. Leit að fíkniefnum með leitarhundi

- a) Gera þarf umsjónarmanni leitarhunds grein fyrir helstu atriðum málsins og hvaða efni helst sé verið að leita að. Hafi efni fundist á staðnum áður en komið er með leitarhund, þarf að gera umsjónarmanni grein fyrir því, hvar það fannst og hversu mikið. Mikilvægt er að efni sem finnast séu strax fjarlægð úr húsarkynnum til að koma í veg fyrir smit, sem gerir hundinum erfiðara fyrir um leit.
- b) Við leit að fíkniefnum á að nota hanska og skipta um þá ef þeir komast í nálægð við fíkniefni.

- 
- c) Hávaði og annað áreiti dregur úr athygli leitarhunds og verður að koma í veg fyrir slíkt. Þá má ekki reykja á staðnum fyrr en hundurinn hefur lokið leit, ef slíkt er þá leyft á staðnum á annað borð.
- d) Einnig verður að muna eftir að fíkniefni kunna að vera geymd á lóð, í geymslum, háalofti, sorpílátum, bíl, bílskúr, póstkassa o.fl.

## Líkamsleit

### 7. Flokkar líkamsleitar

Líkamsleit felst í því að leitað er á sakborningi að utanaðkomandi hlut, sem hann geymir á sér eða í sér. Þessi leit getur bæði verið útvortis og innvortis. Sem dæmi um leit innvortis má nefna leit að hlutum sem maður hefur gleypst eða falið í endaparmi, eða kynfærum kvenna. Dæmi um leit útvortis má nefna leit að hlutum sem maður felur innanklæða.

Í 2. mgr. 92. gr. laga 19/1991 er fjallað um leit sem beinist að öðrum en sakborningi. Samkvæmt henni er líkamsleit á öðrum en sakborningi heimil ef ástæða er til að ætla að hann hafi á sér gögn eða muni sem þýðingu getur haft fyrir rannsókn málsins og hald skal leggja á. Þetta ákvæði tekur ekki til innvortis leitar.

#### Skipta má líkamsleit í eftirfarandi flokka:

- **Öryggisleit - könnun.**

Þessi leit felur í sér leit í fórum sakbornings, áður en hann er fluttur af vettvangi. Annars vegar snýr leitin að sönnunargögnum, sem hann gæti komið af sér, og hins vegar með tilliti til öryggissjónarmiða, eða viðkomandi gæti verið vopnaður. Gæta þarf þess að sakborningur komist ekki í eitthvað sem hann getur notað sem vopn.

Hér er kannað hvað sakborningur hefur í fórum sínum, svo sem í vösum, buxnastræng eða fest við líkamann. Leitin er framkvæmd á vettvangi og/eða lögreglustöð.

- **Nákvæm líkamsleit**

Sakborningi gert að berhátta og leitað í fatnaði. Framkvæmt á lögreglustöð og/eða annars staðar ef aðstæður leyfa.

### 8. Lögreglumenn séu ekki einir við líkamsleit

Lögreglumenn eiga aldrei að vera einir við framkvæmd líkamsleitar. Í því sambandi má m.a. nefna:

- Vitna þarf um það sem fannst á sakborningi.
  - Vitna getur þurft um framkvæmd líkamsleitarinnar.
  - Tryggja þarf öryggi ef sakborningur veitir mótspyrnu.
  - Tryggja þarf að sakborningur geti ekki komið sönnunargögnum undan, svo sem með því að gleypa þau.
  - Bornar sakir á lögreglumann.

## 9. Verklagið við líkamsleit:

- ❑ Spyrja sakborning strax í upphafi um hvort hann hafi eitthvað falið á sér eða í sér. Sérstaklega þarf að spyrja um nálar eða aðra hluti sem skaðað geta leitarmann.
- ❑ Gæta þarf þess að vera ekki brosandí við leitina eða að öðru leyti niðurlægjandi gagnvart sakborningi.
- ❑ Nota ávallt gúmmíhanska við leitina.
- ❑ Standa þannig að leitinni að sakborningur geti ekki skaðað sig eða aðra og að lögreglan geti gripið inn í ef hann ætlar að gleypa eða að öðru leyti að koma sönnunargögnum undan.
- ❑ Ef sakborningur er með slíka hluti í fórum sínum skal láta hann taka þá af sér og setja til hliðar.
- ❑ Láta sakborning tæma alla vasa og snúa þeim við. Ekki fara með hendur ofan í vasa sakbornings því leitarmaður getur þá stungið sig á nál, eða að öðru leyti valdið sér tjóni. Ef sakborningur neitar samvinnu skal fara sérstaklega varlega.
- ❑ Láta sakborning setja þá hluti sem hann er með í fórum sínum á borð og skoða þá síðast.
- ❑ Snerta aldrei sakborning þegar hann er nakinn nema nauðsyn krefji svo sem til að koma í vegna fyrir spillingu sakargagna, eða af öryggisástæðum.
- ❑ Vera ákveðinn og gefa sakborningi skýr fyrirmæli þannig að leitinn gangi fljótt og vel fyrir sig. Ekki láta sakborning standa nakinn lengur en nauðsyn krefur.
- ❑ Skoða fatnað þegar búið er að berhátta sakborning og skoða líkama hans vel.
- ❑ Skoða síðast þá muni sem sakborningur var með í fórum sínum.
- ❑ Leit skal framkvæmd af aðilum sem eru af sama kyni og leitarþoli.
- ❑ Þegar leitað er í fórum sakbornings sem ekki er gert að fara úr fötum sínum skal ekki strjúka viðkomandi heldur klappa ákveðið þannig að leitinn verði ekki misskilin. Slíkt má einnig gera með handarbaki.

## Líkamsskoðun

### 10. Um líkamsrannsókn

Líkamsrannsókn (líkamsskoðun) grundvallast á heimild í 1. mgr. 92.gr. oml. og þ.a.l. getur lögreglan í þágu rannsóknar máls - til að upplýsa mál - framkvæmt eða e.a. látið framkvæma rannsókn á líkama manns og einstökum líkamshlutum. Líkamsrannsókn er m.a. taka öndunarsýna, blóðsýna, þvagsýna, fingrafara, ljósmynda o.fl.

Forsenda líkamsrannsóknar er að fyrir liggi úrskurður dómara eða samþykki þolanda; a.ö.l. skal líkamsrannsókn ekki framkvæmd í andstöðu við vilja þolanda.

### 11. Mikilvæg atriði varðandi framkvæmd líkamsrannsókna

Við framkvæmd líkamsrannsóknar skal gæta þeirrar varfærni og hlífðar, sem samrýmist markmiði hennar og hana má því aðeins framkvæma að hún verði gerð þolanda að meinalausu.

Með "*þolanda líkamsrannsóknar*" er átt við þann sem lögreglan sakar í máli en getur einnig verið annar/aðrir ef hann/þeir samþykkja rannsóknina og sá sem hana framkvæma telur það hættulaust.

Orðalagið "*að meinalausu*" þýðir að þolandi verði ekki fyrir varanlegu heilsutjóni en eðli máls samkvæmt getur þolandi e.a. haft óþægindi af líkamsrannsókn.

---

Lögreglan framkvæmir almennt sjálf töku fingrafara, mynda og öndunarsýna er við á. Varðandi aðra líkamsrannsóknir í þágu rannsóknar máls, sem lögreglan telur þörf að gerðar verði, þarf hún að jafnaði að fá álit og aðstoð sérfræðinga við framkvæmdina eftir því sem við getur átt svo sem lækna eða hjúkrunarfóks, sbr. 70.gr.oml.

### **12. Sérreglur varðandi meintan ölvunarakstur**

Samkvæmt 47. gr. umferðarlaga, sbr. 96. gr. oml. gildir sú *sérregla* að ef lögreglan hefur ástæðu til að ætla að ökumaður hafi brotið gegn ákvæðum laga um ölvunarakstur eða akstur í annarlegu ástandi, ellegar hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það ekki, þá hefur lögreglan heimild til að fæðra ökumann til blóð og þvagsýnatöku eða e.a. annarrar læknisrannsóknar án þess að leita þurfi dómsúrskurðar.

### **13. Um mat á þroska og ástandi einstaklings, líkskoðun, krufningu o.fl.**

E.a. getur lögreglan ef ástæða er til óskað aðstoðar sérfræðings við rannsókn á þroska og andlegu og líkamlegu heilbrigðisástandi sambornings (*geðrannsókn*), sbr. 71. gr. oml. Fyrir þarf þá að liggja úrskurður dómara nema fyrir liggi ótvírætt samþykki sakbornings.

Réttarlæknisfræðileg *líkskoðun* skal fara fram þegar rannsóknari telur það nauðsynlegt. Einnig skal framkvæma *réttarkrufningu*, ef nauðsyn þykir, og skal leita úrskurðar dómara um krufningu nema nánasti venslamaður eða nánustu venslamenn hins látna leyfi, sbr. 70. gr. oml.

## Yfirlit yfir lagaákvæði er varða sönnunargögn

### Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, með síðari breytingum

- **Haldlagning**

Samkvæmt X. kafla laganna skal leggja hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í opinberu máli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir verði gerðir upptækir. Hér er einnig átt við skjöl og fíkniefni.

Þá kveða ákvæði laganna m.a. á um skyldu til þess að skrá og varðveita muni með tryggilegum hætti.

- **Húsleit**

Um húsleit gilda ákvæði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála, auk 71. gr. stjórnarskrárinnar og 4. mgr. 18. gr. dýraverndarlaga.

Í VII. kafla tollalaga, 42. gr., er fjallað um heimild tollgæslumanna til leitar við strendur landsins og meðfram þeim og á hafnarsvæðum og flugvöllum.

- **Líkamsleit og líkamsrannsókn**

Um líkamsleit og líkamsrannsókn gilda ákvæði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála, 17. gr. lögreglulaga, 47. gr. umferðarlaga og 25. gr. áfengislaga.

Líkamsleit og líkamsrannsókn er framkvæmd í þágu opinbers máls og ávallt þarf að gæta þess að lagalegar forsendur séu fyrir hendi.

- **Kæra til æðri dóms**

Um kæru til æðri dóms á úrskurði héraðsdóms vegna þvingunarúrræðis gilda ákvæði XVII. laga um meðferð opinberra mála.

### Lög um dánarvottorð, krufningu o.fl.

Í 4. gr. laganna er fjallað um réttarlæknisfræðilega líkskoðun.

### Sérreglur varðandi meintan ölvunarakstur

Samkvæmt 47. gr. umferðarlaga, sbr. 96. gr. oml. gildir *sérregla* ef lögreglan hefur ástæðu til að ætla að ökumaður hafi brotið gegn ákvæðum laga um ölvunarakstur eða akstur í annarlegu ástandi, ellegar hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það ekki.





## Kaflí 5

### Heilbrigðisþjónusta



---

## Egilsstaðir 2000 – Hópur 4 – DRÖG 1

**Verkefni:** Fyrsta hjálp, greining, sjúkraflutningar, förðun, hópshlysaáætlun Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA).

### Yfirlit:

Slysstaður: Við norðurenda flugbrautar.  
Sjúklingar: 28 slasaðir, 12 látinir, 8 lítt eða ekki meiddir  
Fyrsta hjálp: Hraðgreining á eða við slysstað, lágmarks undirbúningur (sjá neðar) og hraðflutningur á söfnunarsvæði slasaðra (SSS).  
Söfnunarsvæði: Staðsett í vélageymslu við flugstöð.  
Forgangsröðun: Á söfnunarsvæði slasaðra. Greiningarspjöld sett á sjúklingana þar.  
Áfangastaðir: HSA eins og afkastageta leyfir (slasaðir fluttir þangað).  
Sjúkrahúsin í Reykjavík (líkt eftir sjúkraflugi, sjúkl. fluttir í flugstöð).  
FSA.

### Verkaskipting:

Fyrsta hjálp: Sjúkraflutningamenn, björgunarsveitin.  
Hraðgreining: Vaktlæknir Hgs. og björgunarmenn á slysstað.  
Flutningur: Sjúkrabílar HSA. Slökkvilið Eg.?  
Björgunarsveitir (björgunarbílar + aðrir farkostir).  
Greining: Greiningarsveit HSA, staðsett á SSS.  
Meðferð: Greiningarsveit, hjálparliðar björgunarsveita á SSS.

### Stjórnendur:

Vettvangsstjóri: Frá lögreglunni. Fer með yfirstjórn aðgerða á vettvangi.  
Stjórnandi læknir: Stjórnandi greiningarsveitar HSA.  
Fyrstuhjálparstjóri: Frá björgunarsveitinni (SSS).  
Sjúkrahúsið: Hópshlysaáætlun skv. hópshlysaáætlun HSA.

### Fjarskipti:

Samskipti vettvangsstjóra við stjórnendur á rás björgunarsveita nr. 5.  
AV-rás fyrir almannavarnanefnd (AVN) og HSA.  
Vinnurásir björgunaraðila fyrir vettvangseiningar hverja fyrir sig.  
Farsímar (varist að treysta eingöngu á þá).

### Undirbúningur fyrir hraðflutning frá slysstað til SSS:

Grófflokkun: Litaður borði, rauður, gulur, grænn eða svartur hnýttur á sjúklinginn.  
Öndunarhjálp: Kokrenna fyrir rænulausa.  
Blása með belg og maska í þá, sem taldir eru lífvænlegir.  
Umbúðir: Stöðva alvarlegar útvortis blæðingar.  
Skorðun á hrygg: Stífur hálskragi, bretti og hliðarpúðar eða sambærileg skyndihjálp.  
Búa um sjúkl. í teppi eða álíka.  
Má geyma frekari spelkun og umbúðir, ef nauðsyn krefur.

**Forgangsröðun:** Greiningarspjöld. Skv. leiðbeiningum hópshlysanefndar almannavarna.

**Lok æfingar:** Í þrepum eftir því, hvenær verkþáttum telst lokið.  
Munið fundinn (debriefing) á sunnudag.

---

270400

## Hópur #4

**Verkefni:** Fyrsta hjálp, greining, sjúkraflutningar, förðun, hópslysaáætlun Heilbrigðisstofnunarinnar á Egilsstöðum.

Að lágmarki þarf eftirtalda fulltrúa heimamanna í hópinn:

- Stjórnanda (1-3) frá heilbrigðisstofnuninni; framkvæmdastjóra, yfirlækni, hjúkrunarforstjóra.
- Stjórnanda greiningarsveitar (1) og aðra úr greiningarsveit, ef óskað er.
- Varðstjóra sjúkraflutninga (1-2).
- Fyrstuhjálparliða frá björgunarsveitunum, að lágmarki verðandi fyrstuhjálparstjóra á söfnunarsvæði slasaðra og annan til (2).
- Sóknarprest eða annan tengilið fjöldahjálpar (1).

Að sunnan koma:

Jón Baldursson, yfirlæknir  
Guðbjörg Pálsdóttir, deildarstjóri  
Bára Benediktsdóttir, hjúkrunarfræðingur  
Oddur Eiríksson, sjúkraflutningamaður

## Skoðun sjúklinga á vettvangi.

Hvað á að skoða?		Hvað á að gera?
Yfirlit á vettvangi	Hættur?	Tryggja öryggi
<b>ABC-skoðun:</b>		
Meðvitund:	Svarar ávarpi?	
	Svarar sársauka?	
	Svarar engu?	
Öndunarvegur <b>A</b>	Áverkar, blóð, slím, æla?	Sog
		Kokrenna
Öndun <b>B</b>	Horfa, hlusta, finna?	Súrefni
Blóðrás <b>C</b>	Ytri blæðingar?	Stöðva blæðingar
	Púls? Hraði? Styrkur?	
	Litarháttur, hiti, raki híðar?	
<b>Skoðun:</b>		
Háls	Barki í miðlínu?	Hálskragi
	Sár? Eymсли?	
Brjóstkassi	Öndunarhreyfingar?	
	Sár? Eymсли? Los?	Sáraumbúðir
Kviður	Mjúkur? Þaninn?	
	Sár? Eymсли?	
Mjaðmagrind	Stöðug?	
	Sár? Eymсли?	
Neðri útlimir	Aflögun? Bólga? Hreyfingar?	Spelkun
	Blóðrás? Eymсли? Sár?	
Efri útlimir	Aflögun? Bólga? Hreyfingar?	Spelkun
	Blóðrás? Eymсли? Sár?	
<b>Flutningur:</b>		
Forgangur		Ákvörðun
Bolvelta(log-roll)	Skoða bak	Hryggbretti

---

# Hópslysaæfingin EGILSSTAÐIR 2000

## Skýrsla hóps #4: Heilbrigðisþjónusta, meðhöndlun og flutningur sjúklinga.

Haldin var hópslysaæfingin á Egilsstaðaflugvelli 6. maí 2000. Sviðsett var brotlending farþegaflugvélar með 28 slösuðum, 12 látnum og 8 lítt eða ekki meiddum. Sjö sjúklingar voru lagðir inn á Heilbrigðisstofnunina Egilsstöðum. Áætlað var að flytja tvo af þeim suður auk þess sem þurfti að líkja eftir flutningi allmargra beint frá söfnunarsvæði slasaðra (SSS) til Reykjavíkur.

### Vel heppnað:

- Hópslysaáætlanir HSA vel unnar
- Viðbragðstími og viðbúnaður HSA
- Tímanleg beiðni um utanaðkomandi aðstoð
- Stjórn, skipulag og samvinna á söfnunarsvæði slasaðra og HSA
- Samvinna við presta við áfallahjálp

### Tillögur um frekari ráðstafanir

#### Heimamenn:

- Halda áfram með þjálfun starfsfólks HSA í
  - sérhæfðri endurlífgun (ACLS)
  - fyrstu meðferð slasaðra (BTLS)
- hlutverkum þeirra í hópslysa viðbúnaði (s.s. kynning á hópslysaáætlun, „skrifborðsæfing“)
  - Samþjálfun heilbrigðisstarfsmanna og annarra björgunaraðila (reglubundnar æfingar)
    - Þjálfun slökkviliðs og e.t.v. lögreglu í fyrstu hjálpi (first responder)
    - Bæta móttökuaðstæður á HSA, s.s. bekkir á hjólum, gæslu við húsið
      - **Skipuleggja samskipti HSA og fjöldahjálparstöðvar**
- setja faxnúmer inn í hópslysaáætlun o.fl.

#### AVRIK og landlæknir:

- Þróa aðferðir við merkingu við frumgreiningu á slyssað
- Skipulag loftflutninga í samvinnu við Neyðarlínuna og FMS
- Stjórnstöð (a.m.k. sjúkraþjónustubás) Avrík. taki þátt í æfingum

---

Seyðisfirði 15.05.2000.

Stefán Þórarinnsson  
Heilbrigðisstofnun Austurlands  
Heilsugæslunni Egilstöðum

**Efni: Greinargerð vegna flugslysaæfingar á Egilstöðum 4.-6.maí 2000.**

**Pátttakendur frá Seyðisfirði:**

Lukka Gissurardóttir  
Ólafur Sveinbjörnsson  
Rúnar Reynisson  
Sigrún Ólafsdóttir

Við viljum byrja á að lýsa yfir ánægju okkar með þessa æfingu í heild sinni. Teljum við hana hafa verið til mikils gagn fyrir fjórðunginn, til að tengja saman þá aðila sem kæmu að slíku slysi, þó þátttakan hafi verið nokkuð mismunandi frá byggðalögunum hér fyrir austan. Í upphafi, þegar boðið var upp á þessa æfingu, þá var strax, innan hópins á Seyðisfirði, mikill áhugi fyrir henni. Hópslysaáætlun okkar hefur verið í endurskoðun, fæst höfðu áður tekið þátt í slíkri æfingu og síðast en ekki síst þá er hættan á að stórslys verði innan fjórðungsins alltaf til staðar, jafnt að sumri sem vetri. Tókum við þátt í undirbúningsvinnunni báða dagana. Vorum ánægð með hve undirbúningurinn/æfingin var sniðin að mismunandi þörfum þátttakendanna og hve mikið þeir gátu komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Varðandi undirbúningsdagana viljum við helst gagnrýna það að dagskráin og tímasetningar voru svolítið á reiki og stóðust illa.

Hópurinn var staðsettur á Heilsugæslustöðinni á Egilsstöðum þegar útkallið kom. Fórum við öll á söfnunarsvæði slasaðra og til að byrja með unnum þar við greiningar og aðhlyningu slasaðra. Annar læknirinn var þar allan tímann og annaðist “rauða sjúklinga” þ.e. forgangur 1. Viljum við taka það fram að vinnan á söfnunarsvæðinu gekk mjög vel fyrir sig. Þó vantaði fólk til að bera slasaða, innan svæðisins og út í sjúkrabíla.

Eftir u.þ.b. 45 mín. var greiningarsveitin okkar, þ.e. 1 læknir og 2 hjúkr.fr. send á slysstað norðan við Eyvindará. Þar voru 3 slasaðir og 1 látinn. Sinntum við og fylgdum slösuðu einstaklingunum á söfnunarsvæði slasaðra. Á þessu vettvangssvæði vantaði stjórnanda og björgunarsveitarfólk.

Við viljum leggja ríka áherslu á að haldin verði, fyrir hjúkrunarfólk og lækna, námskeiðin **BTLS** – slysabjörgunarnámskeið og **ACLS** – sérhæft endurlífgunarnámskeið, því það sýndi sig á æfingunni hve þessi kunnátta er nauðsynleg. Æfingin var afar lærdómsrík. Hún vakti okkur til vitundar um styrk- og veikleika okkar, hve nauðsynlegt er að halda slíkar æfingar og hve margir og mismunandi hópar/aðilar koma að henni.

---

Í framhaldi af æfingunni hefur vaknað mikill áhugi á að halda snjóflóðaæfingu á Seyðisfirði n.k. vetur.

Með kveðju:

Lukka Gissurdóttir,

Rúnar Reynisson,

---

Ólafur Sveinbjörnsson,

---

Sigrún Ólafsdóttir,

---

---

---

## Uppgjörsfundur eftir flugslysæfingu 6. maí 2000 á Egilsstaðaflugvelli.

Uppgjörfundur var haldinn í sal heilsugæslunnar á Egilsöðum 10 maí kl 20 til 22. 21 mættu, hjúkrunarfr., ljósmóðir, lækna, ritarar, sjúkraliðar, meinatæknir, starfsstúlkur úr aðhlyningu og sjúkraflutningamenn. Stefán skráði athugasemdir sem fram komu og gerði að sínum og bætti við frá eigin brjósti og ber einn ábyrgð á textanum.

Óttar yfirlæknir fór yfir útkallið og atburðarás á hsg/sjúkrahús. 7 sjúklingar, gullir, komu inn, 4 þurftu áfram við tækifæri, 1 innlagður, 2 til RKÍ eftir aðhlyningu. Pétur stjórnandi læknir í greiningasveit fór yfir atburði þar. Flestir lögðu orð í belg.

### Undirbúningur:

Kynning á undirbúningi og dagskráin kom seint og illa frá öllum nema Landsbjörg. Meiri kynningu vantaði innan HSA. Gagnleg fræðsla var á undan og gott upplegg æfingar að kenna öllum fyrst og láta aðila undirbúa sig. RKÍ virtist hafa aðra nálgun og undirbjó sitt áhugafólk ekki eins og hinir sem er ámælisvert.

### Búnaður:

1 handtalstöð vantar fyrir stjórnandi lækni. Neyðarbúnað þarf að yfirfara / endurnýja að hluta, Sora eða annað samsvarandi. Vesti með vösum fyrir greiningasveit vantar.

#### Útkall:

Símsvarar voru til svara á Esk, FSN, Fásk. Skiptiborðin á spítulunum í Rvk og Ak. virka seint, **beinar neyðarlínur** þurfa að vera inn á stóru spítalana.

NMT símakerfið er takmarkað, sprakk strax. 112 setti heilbrigðiskerfið í kring í viðbragð en kallaði það ekki út strax út þó að vaktlæknir bæði um það á leið í útkallið, þetta olli töfum á að hjálp bærist utanfrá. Hópslysakerfið í húsinu: mappan þarf að hafa blað, gátlista, fyrir hvern starfshóp sem segi hvernig hver og einn eigi að vinna.

### Aðgerðin:

Björgunarmenn voru ekki nógu margir og eru of dýrmætir á slyssað til að manna verndun og gæslu. Lagaðist þegar stuðningur kom frá öðrum svæðum. Varalið LSB gæti fyllt þetta skarð (varalið LSB: gamlir félagar, hættir en í fullu fjöri verði á útkallslista fyrir almannavá). Burðarmenn vantaði t.d.

#### Greiningarsveit:

Klukku, tímaskráningu aðgerða ss lyfjagjafar, vantaði á greiningarspjöldin, hvenær hvað var gert. Horn voru ekki rifin af eins og gera átti, einungis eitt spjald af sjö komu á hsg. með bæði hornin farin. Þarf að kynna betur. Stjórnandi læknir þarf að hafa eigin talstöð. Fjarskiptaæfingu vantar fyrir óvana s.s. lækna. Skráning erfið í byrjun, óslasaðir ollu álagi og rugli. Ritara vantar með GS sem útbýr spjaldið á fórnarlömbin þegar þau koma á SSS og skráir á þau númer af frumgreiningarborða. Súrefni vantar í stórum geymi á flugvöll með súrefnisslöngu og leggjum. Þekkingu á tilvist annara neyðartaska ss. hjá LSB og Flugmálastjórn vantaði innan GS. Muna þarf eftir mat handa útkallsliðinu, nesti og næringu þegar komið er til baka og handa aðstandendum. Mjög gott þótti að liðsmenn greiningarsveitar gátu sest niður með prestinum við heimkomu, nærst og þústað út. Allir starfsmenn þurfa svo sína áfallahjálp sem þarf að koma að því allir heimamenn eru fórnarlömb.

---

**Neyðarblóð / annar neyðabúnaður þarf að fylgja með loftbrú án þess að það þurfi að panta sérstaklega.**

### Móttaka á hsg / sjúkrahúsi:

Erfitt er að færa fólk á milli NATO-bara og borða t.d. á röntgen. Ritari þarf að fara strax á skiptiborðið. Endurskoða þarf símaskrá starfsmanna, prenta á útkallsblöð með dálkum fyrir tímaskráningu útkalls og mætingar. Endurnýjun á símanúmerum verði gerð jafnharðan við ráðningu nýrra starfsmanna og uppfærð reglulega. Í raunverulegu útkalli væri gagnlegt að fleira starfsfólk færi út á vettvang á eftir GS til að hjálpa til þar og skrá fremur en að bíða á hsg. Það fólk er vanara og getur létt á skyldum RKÍ þar sem allir eru áhugamenn. Starfsmenn þurfa því að mæta í svona útkall í hlífðarfötum (boða í hlífðarfötum) og tiltæk þurfa að vera skær lit vesti handa öllum. Starfsfólkið fer svo til baka með fyrstu sjúklingum eftir því sem þörf er á. Ritari í anddyri hsg. verður undir milu álagi í byrjun og þarf aðstoð. Ljósmeður vilja gleymast sem liðsauki í fyrstu röð með læknum og hjúkrunarfræðingum. Þær eru vanar blóði og kunna að sauma.

#### *Uppgjörfundur:*

Áhugamenn í RKÍ sátu ómaklega undir ámæli frá eigin félögum að sunnan og aðstandendum fórnarlamba sem gátu ekki hætt að leika þegar æfingin var blásin af. Atvinnumenn af skrifstofu RKÍ þurfa að undirbúa áhugamennina heima fyrir miklu betur undir sitt hlutverk. Það er stórt og vandasamt verkefni sem lagt er á herðar áhugamanna og þarf skrifstofa RKÍ að hugsa sitt ráð því þessi uppákoma hrekur fólk frá félaginu. RKÍ undirbjó sitt fólk ekki undir æfinguna á sama hátt og hinir undirbúningsaðilarnir, sjá ofar í *undirbúningi*.

#### *Upplagg – aðkomumenn:*

Þetta form af æfingu er mjög gott og árangursríkt. Leiðbeinendur stóðu sig almennt vel en voru stundum ekki samtaka eða samhljóma í áherslum sínum. Vantaði ekki leiðsögn frá ríkislögreglustjóra?

#### *Almannavarnanefnd:*

Stefán lækningaforstj. HSA og héraðslæknir Austurlands vann eingöngu með AVN og Aðgerðastjórn í þessari æfingu. Það gaf dýrmæta reynslu og þjálfun. Í alvöru aðgerð einkum stórum er mikilvægt að yfirlæknir/héraðslæknir komi í AS og hjálpi til að leggja línurnar en gerir svo líklega meira gagn með að fara á vettvang og vinna með / fyrir GS og vera tengiliður þaðan við AS og hafa til þess eigin talstöð.

Almannavarnir þurfa að vinna með 112 í því að fara yfir innra skipulag og hlutverk 112 í svona aðgerð. Skipta þarf aðgerðum í stærðarflokka og skipuleggja mismunandi vinnulag eftir þeim. Vinna þarf að skipulagi fyrir loftbrú við stóra atburði úti á landi. Leggja þarf áherslu á að stilla saman AVRÍK (með landlækni), Flugmálastjórn, Landhelgisgæslu og Neyðarlínu til þess að loftbrúin geti komist á með sem stytstum fyrirvara.

Hér ber að minna á hugmynd um **sérbúna sjúkravél á Akureyri** og sem hefði stuttan útkallstíma sem getur tekið með sér greiningarsveit og sjúkraflutningamenn þaðan.

**Ber að hvetja AVRÍK og aðra til að taka undir og styðja þessa hugmynd sem nú er í athugun** á vegum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Samgönguráðuneytisins. Með þessu yrði almannavarnaviðbúnaður styrktur verulega á hinu stjóra svæði frá Höfn og til Hólmavíkur (Vestfjarða allra?) og hægt að koma hjálp til íbúa og heilbrigðisstarfsmanna fyrir en með öðrum hætti m.a. vegna styttri flugtíma en frá Rvk. Minna ber á að tiltölulega lítil slys geta sprengt heilbrigðiskerfið sem víða er veikburða á þessu svæði og skapað þörf fyrir almannavarnaviðbrögð.


---

***Að lokum:***

Þakka ber Flugmálastjórn, AVRIK og öðrum sem komu þessari æfingu á fyrir framtakið og þeir mega vera þess fullvissir að æfingin og undirbúningur hennar hefur styrkt almannavarnakerfið á Austurlandi verulega.

Komið er á framfæri beiðni til AVRIK að þær stuðli að frekari almannavarnaæfingum á Austurlandi og er lagt til að haldnar verði í náginni framtíð æfingar tengdar snjóflóði í Seyðisfirði og slysi í Oddskarðsgöngum við Norðfjörð.

Stefán Þórarinsson





## Kaflí 6

### Fjöldahjálp



Forsendur

Rauða kross deildir á austurlandi hafa verið virkar í að þjálfa sjálfboðaliða sína til flokksstjórnar í félagslegri fjöldahjálpar undanfarin ár og hafa einnig staðið fyrir æfingum þar sem viðbrögð við hópsslysum hafa verið æfð. Deildin á Egilsstöðum er með tvær skipulagðar fjöldahjálparstöðvar og var ákveðið að nýta grunnskólann á Egilsstöðum fyrir þessa æfingu.

Rauða kross deildin á Egilsstöðum hefur nokkuð stóran hóp sjálfboðaliða á sínum snærum sem eru tilbúnir til að taka til starfa verði þess þörf og hafa nokkrir þeirra sjálfboðaliða lokið flokksstjóranámskeiði hjá Rauða krossi Íslands.

Ákveðið var að keyra æfinguna á tímasetningum sem líkustum þeim sem gera mætti ráð fyrir ef um raunverulegt hópsslys væri að ræða og yrði útkallsskipulagi fylgt til hins ítrasta, þannig að sjálfboðaliðar yrðu boðaðir með símhringingum eftir að boð hefðu borist til forsvarsmanna deildarinnar gegnum Neyðarlínuna. Undantekning frá þessari boðun yrðu félagar úr deildunum í kring sem yrðu komnir á staðinn áður en æfingin hæfist.

>

Framgangur æfingarinnar

Æfingin hófst klukkan 15:36 og boðun barst deildarfólki nokkrum mínútum síðar. U.þ.b. 10 mínútum eftir að æfingin hófst voru sjálfboðaliðar mættir í grunnskólann og fjöldahjálparstöðin tekin til starfa. Nokkru síðar mættu fyrstu sjálfboðaliðar deildarinnar til starfa í flugstöð en þar hafði nokkur hópur ættingja verið þegar slysið átti sér stað en hópurinn var þó frekar rólegur og auðvelt var að ná stjórn á honum. Prestar sem deildin hafði á sínum snærum mættu einnig fljótlega í flugstöðina og aðstoðuðu við aðhlyningu ættingja og gekk það mjög vel.

Í grunnskólanum var tekið á móti sjálfboðaliðum við skráningarborð skjólstæðinga, nokkuð sem almennt gæti gengið en eðlilegra er þó að halda aðskildu frá annarri skráningu. Meðan verið var að skrá sjálfboðaliða og undirbúa þá fyrir sín störf í fjöldahjálparstöðinni komu fyrstu aðstandendur fórnarlamba slyssins í stöðina og lentu þeir svolítið utanveltu þar sem skipulagsvinna var í gangi við skráningarborðin.

Þegar ró var komin á í flugstöðinni mætti prestur í fjöldahjálparstöðina og var þar við störf þar til æfingunni lauk ásamt öðrum sem komu síðar. Meðal verka sem þeir sinntu var upplýsingagjöf til aðstandenda og sálræn skyndihjálpar en sér til hjálpar höfðu þeir hóp þjálfaðan í sálrænni skyndihjálpar. Á flugvallarsvæðinu kom fljótlega í ljós að misskilningur hafði orðið milli björgunaraðila um skipulagningu greiningarstöðvarinnar þar sem forgangi III og óslösuðum var markað sama svæðið og þurftu að deila því meðan beðið var eftir sjálfboðaliðum Rauða krossins sem voru með aðstöðu annars staðar í húsinu. Orsakaði þetta minniháttar vandræði en æskilegt væri að hafa aðstöðu Rauða kross deildarinnar þannig að innangengt væri í hana af greiningarsvæðinu. Annar vandi var sá að ekki höfðu allir björgunaraðilar upplýsingar um hvar aðstaða Rauða krossins var í húsinu og leiddi það m.a. til þess að einn óslasaður fékk óþarfa skoðunarferð um byggingarnar á flugvallarsvæðinu meðan leitað var að aðstöðu Rauða krossins.

Klukkan 16:35 voru 14 aðstandendur mættir í fjöldahjálparstöðina en treglega gekk að skrá þá og vinna úr skráningunni þar sem skráningareyðublöðin eru aðeins í tvíriti en þurftu að vera í þríriti til að skráningin og úrvinnsla hennar geti starfað samhliða. Einnig gekk sjálfboðaliðum oft á tíðum illa að átta sig á því hvernig fylla ætti blöðin út þar sem þau eru ekki hentug fyrir skammtímaverkefni eins og hér var um að ræða. Tölvuskraðing skráningarupplýsinga gekk ekki nógu vel þar sem ekki eru til stöðluð sniðmát fyrir þessa skráningu og hver fjöldahjálparstöð þarf því að finna lausn á eigin spítur. Gott væri ef Rauði kross Íslands sæi deildunum fyrir slíkum sniðmátum, t.d. á Excel formi.

Talstöðvasamskipti milli fjöldahjálparstöðvarinnar og sjálfboðaliða á flugvallarsvæðinu voru afleit og afleiðing þess var að sjálfboðaliðar á flugvellinum sátu aðgerðarlausir þar sem flokksstjórar deildarinnar gátu ekki náð sambandi við þá til að úthluta þeim nýjum verkefnum.

Þar sem skráning upplýsinga af vettvangi og úrvinnsla skráningar í fjöldahjálparstöðinni gengu hægt fyrir sig urðu margir aðstandenda ópolimóðir og fannst of langur tími hafa liðið frá slysinu án þess að upplýsingar bærust um þeirra nákomnu. Orsök þessara tafa voru ýmsar en auk þeirra sem áður hafa verið nefndar má nefna að skráningarblöð sem bárust með faxi af vettvangi voru ólæsileg þar sem skráningarsvæðin á blöðunum voru of smá til að handskrift sem þar væri rituð væri læsileg eftir föxun. Annar áhrifaþáttur var sá að skráningarblöðin sem bárust af vettvangi voru ekki þau sömu og áttu að berast og því voru upplýsingarnar í þeim gagnslausar starfi fjöldahjálparstöðvarinnar. Ofan á þessi vandræði bættist síðan að ferli skráningargagna í úrvinnslu í fjöldahjálparstöðinni var ekki nægilega mótað og því fóru skráningarupplýsingar ekki alltaf beina leið í tölvuskraðningu.

Þegar æfingunni hafði verið slitið á vettvangi var afdrifalisti farþega ekki enn tilbúinn og var ákveðið að halda starfsemi áfram í fjöldahjálparstöðinni þar til hann yrði frágenginn. Hins vegar var starfsemi hætt í stjórnstöð almannaavarna og því var ekki hægt að fá upplýsingar um þá aðila sem upp á vantaði og varð Rauði krossinn því að hætta starfseminni án þess að farþegalistinn hefði verið stemmdur af.

#### Niðurstöður

Þar sem ýmsar nýngar í skráningu kringum hópslys voru prófaðar á þessari æfingu komu upp mörg ný vandamál sem höfðu mikil áhrif á starfsemi fjöldahjálparstöðvar Rauða kross deildarinnar á svæðinu og var við því að búast þar sem t.d. hafði ekki gefist kostur á því fyrir sjálfboðaliðana að kynna sér skráningarblöðin fyrir æfinguna. Að teknu tilliti til þessarar staðreyndar er óhætt að segja að æfingin hafi gengið vel miðað við aðstæður. Starf sjálfboðaliða deildanna var í flestum tilvikum markvisst og þeir unnu þau störf sem til var ætlast og í mörgum tilfellum einnig önnur störf sem þeir höfðu ekki verið þjálfaðir til að sinna. Úr ýmsu má þó bæta frá hendi allra aðila sem að þessari æfingu koma og fylgir hér listi yfir helstu atriðin.

>

> Almannavarnir ríkisins:

Skráningareyðublöð AVRÍK eru illskiljanlegum skammstöfunum og erfitt var að staðsetja blöðin í skráningarferlinu.

Blöðin berast illa með faxi þar sem skráningarsvæðin eru of lítil fyrir handskrift.

Nauðsynlegt er að skilgreina og merkja á skráningarblöðin hvert þau eiga að berast að útfyllingu lokinni.

Æskilegt væri að leiðbeiningar um útfyllingu fylgdu skráningarblöðunum.

>

> Rauða kross deildin á Egilsstöðum:

Í skipulagi fjöldahjálparstöðvarinnar þyrfti að gera ráð fyrir aðskilinni skráningaraðstöðu sjálfboðaliða þannig að skráning skjólstæðinga og sjálfboðaliða fari ekki fram á sama stað.

Stjórnskipurit og verkaskipting þarf að vera betur skilgreind.

Yfirstjórnandi má ekki týna sér í smáatriðum, heldur verður að halda heildaryfirsýn á störf sjálfboðaliða.

Sjálfboðaliðar verða að athuga að gefa ekki skjólstæðingum loforð sem ekki er hægt að standa við varðandi hvenær upplýsingar verði tilbúnar og slíka hluti.

Tryggja þarf skipulega og hraða tölvuskráningu upplýsinga.

Starfsemi fjöldahjálparstöðvar byggist á öruggum og skjótum upplýsingum.

Í útbúnaði fjöldahjálparstöðvarinnar þarf að vera spjaldskrá fyrir skráningareyðublöð.

Skipuleggja þarf ferli skráningarupplýsinga gegnum fjöldahjálparstöðina.

Athuga þarf í skipulagi fjöldahjálparstöðva að útsýni sé ekki úr vistarverum skjólstæðina yfir vettvang skaðans.

Rauði kross Íslands:

Skráningarblöð þurfa að vera í þrítíti. Blöð í tvíriti kosta ónauðsynlega vinnu.

Útbúa þarf ný skráningarblöð fyrir skammtíma aðgerðir.

Skráningareyðublöðin þurfa að vera það einföld að ekki þurfi að sækja námskeið í útfyllingu þeirra.

Leiðbeiningar um útfyllingu eiga að fylgja skráningarblöðunum.

Rauði kross Íslands ætti að leggja deildum til beinagrind fyrir tölvuskráningu, byggða á skráningarblöðunum.



## Kafli 7

### Flugslysarannsókn



---

## Hópur 7

### Flugslysarannsókn

Hópurinn samanstóð af Steinari Steinarssyni (RNF), Val Magnússyni (Rannsóknardeild Lögr. Egilsstöðum), Elvari Óskarssyni (Lögr. Egilsstöðum), Óskari Þór Guðmundssyni (Lögr. Fáskrúðsfirði), Þórhalli Árnasyni (Lögr. Eskifirði), Kjartani Benediktssyni, Björgunarsveitin Hérað.

Hópurinn kynnti sér eftirfarandi atriði er varðar rannsókn á flugslysum.

1. Erindi um verndun vettvangs.
2. Erindi um flugrita. Útlit og staðsetningu.
3. Skoðuð voru þrjú sýnishorn af gerð uppdráttu af vettvangi flugslysa úr handbók rannsakanda flugslysa sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) gefur út.
4. Gátlisti fyrir lögregluna v/rannsókn flugslyss á léttu loftfari kynntur.
5. Útbúinn númeraspjöld til þess að nota á vettvangi við myndatöku.
6. Gátlisti fyrir björgunarsveitir v/vettvangsrannsóknar flugslyss á einangruðum stöðum fyrir létt loftför kynntur.
7. Aðilar hópsins fengu upplýsingablað um RNF þar sem fram koma gagnlegar upplýsingar um nefndina.
8. Farið yfir staðsetningu neyðarsenda og hvar helst er að finna rafhlöður, flugrita og ferðrita.
9. Flugskýli heimsótt og bent á “Aðalrofa, staðsetningu neyðarsenda, “carbon monoxid” spjald og helstu mæla.

## Björgunarsveitin Hérað.

### Flugslys á einangruðum stöðum.

#### Gátlisti fyrir björgunarsveitir.

A. Öryggi björgunarsveitarmanna tryggt.

B. Hættur sem geta skapast.

◆ **Þrýstingur í búnaði.**

- Slökkvikerfi
- Demparar
- Dekk
- Slökkvitæki
- Súrefniskútar

◆ **Hættulegur búnaður (hlutir).**

- Hlutir undir spennu, t.d. gormaspennu

◆ **Önnur hættu frá hlutum og/eða farmi, geislavirkni.**

- Eiturgufur
- Ryk
- Vökvi frá hlutum og/eða farmi
- Mælitæki
- Siglingartæki

◆ **Eiturefni.**

- Bensín
- Vökvakerfisolía
- Fljótandi súrefni

◆ **Sýkingarhætta.**

- Smithætta af blóði

### **Ath! Láta hættulegan varning vera og einangra.**

C. Myndataka.

- Mynda allt ef hægt er

D. Safna gögnum um það sem getur eyðst á vettvangi.

◆ **Eldsneytissýni.**

- Neðan á væng og við blöndung

◆ **Olíusýni.**

- Hreyfilolía
- Vökvakerfisolía

◆ **Annað.**

- Lausir pappírar og kort
- Vísbinding um ísingu - mynda og mæla
- Rofa og mælastaða - mynda
- Staða stjórnækja - mynda
- Ummerki á jörðu - teikna, mæla og mynda

E. Teikning af vettvangi.

- Fjarlægð hluta frá flaki (númer hluta)
- Staðsetning hluta
- Kennileiti
- Ummerki á jörð
- Staðsetning látinna



## LÖGREGLAN RANNSÓKNARDEILD

Mál nr. \_\_\_\_\_

### Rannsókn flugslyss á léttu loftfari (Minni háttar mál)

Hver tilkynnir \_\_\_\_\_

dags/tími: \_\_\_\_\_

Slysstaður: \_\_\_\_\_

- Boða/tilkynna rannsóknarnefnd flugslysa (Neyðarlínan 112)
- Kalla til aðstoð við vettvangsrannsókn
- Hafa samband við fulltrúa eiganda/rekanda




### Komið á staðinn:

- Vettvangur tryggður (Girða af)
- Ganga um svæðið, meta það og fá tilfinningu fyrir aðstæðum. Skrifa athugasemdir eða lesa inn á segulband. Athuga hvort hætta leynist á vettvangi og öruggt að hefja rannsókn.
- Ljósmynda frá öllum hliðum, feril, skrófu, hjól, stjórnfleti, skemmdir, stjórnklefa. Allt athyglisvert áður en hreyft er. Yfirlitsmynd – ath loftmynd/fréttamenn sem fljúga yfir. Taka myndir jafnóðum og eitthvað er tekið í sundur eða hreyft er við því.
- Aftengja og fjarlægja rafgeymi og neyðarsendir – fór hann í gang? (hlusta á 121,5 mhz). Taka hann til hliðar og slökkva á honum. (Þrjár stillingar, ARM, ON, OFF: staðsetning venjulega í stélhluta minni flugvéla)
- Lík og/eða líkamspartar ekki hreyfðir nema í samráði við Rannsóknarnefnd flugslysa og ID-nefnd. (Getur skipt máli hver var stjórnandi flugvélarinnar)

#### Framhald gert í samráði við Rannsóknarnefnd flugslysa.

- Staðfesta magn eldsneytis og hverfuleika eldsneytis/farms. Hve mikið eldsneyti var um borð. Í hvaða geymi var/ er það? Staða eldsneytisloka, staða eldsneytishana. Taka sýni úr eldsneyti og öðrum vökvum.
- Fjarlægja súrefnisflöskur og slökkvitæki, öll blys og annað hættulegt.

- Hleypa úr dekkjum, vökvaprýstikerfi, leggjum hjólanna – ef það virðist nauðsynlegt eða er öruggara.
- Finna flugstefnuna – merkja miðlínu frá fyrsta fari til þyngstu hlutanna. Mæla og teikna vettvang út frá miðlínu. Gera dreifingaruppdrátt í landingar/brotfarinu og skrá smáatriði.
- Skrá athugasemdir varðandi hreyfla, skrúfur og skurð, eldsneyti, þrýstikerfi, rafkerfi, hjólabúnað, stjórnfleti, stöðu stjórnflata skoða samræmi milli stjórnklefa og stjórnflata. Allt grunsamlegt og athyglisvert t.d. þreytusprungur. (verja með plastpokum, málningarstrok eftir annan hlut loftfarsins)
- Taka alla pappíra, skjöl, og skírteini, kort og bækur sem eru í stjórnklefa. Skoða í vasa og hanskahólf
- Taka öll persónuleg verðmæti, farangur, frakt og aðra hluti af slysstað. (Vigta og skrá staðsetningu)
- Taka mælitæki úr loftfarinu til rannsóknar. (Fer eftir mati)
- Gæta að ummerkjum eftir hugsanlegt “birdstrike”. (Árekstur við fugla).
- Ef eldur kom upp, leita upptaka eða ummerkja hvort eldur kom upp fyrir landinguna eða í slysinu. Meta eldsneytið sem brann eftir landingu. Hverskonar slökkviefni notað? (Hve mikið? Hver slökkti?)
- Reyna að finna Carbonmonoxýð-spjald. Litur þess. Var reykt í stjórnklefa? Staðsetning venjulega við mælaborð eða nálægt flugmanni)
- Hver er u.þ.b. halli landsins: \_\_\_\_\_ ° Hve langt rann loftfarið: \_\_\_\_\_ (m).
- Greina áreksturshorn, fallhraða, feril og stöðu.



- Þarf að senda eitthvað á rannsóknarstofu – taka það til – gera ráðstafanir. a) læknisfræðilegt (Co, lyf) eða - b) Mekanískt (Málmþreyta, sprenging).
- Gera veðurathugun á slysstað. Hvað segja vitni um veðrið. Hæð slysstaðar yfir sjávarmáli. (Hæðarmælir þyrlu).
- Staðfesta raðnúmer skrokks, hreyfla og loftskrúfna. Rífa dataplötur af ef loftfarið er ónýtt.

---

## **Skráning og skýrslugerð:**

- Skrá niður farþega ( fá farþegalista hjá flugrekstaraðila)
- Skrá niður vitni og lýsingu þeirra á atburðarás
- Geining látinna (Ath. RNF og ID-nefnd)
- Bera saman lista yfir farþega og áhöfn
- Skrá niður farangur og koma honum til réttra eigenda
- Framburðarskýrsla af áhöfn, farþegum og vitnum
- Vettvangsteikning
- Vettvangsskýrsla
- Ljósmyndir
- Videomyndir



## Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa. Jafnframt var þá flugslysarannsóknardeild Flugmálastjórnar lögð niður, svo og starfsemi flugslysanevndar sem var skipuð árið 1968 samkvæmt þágildandi loftferðalögum. Nefndin starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Hún heyrir stjórnábyrgð undir samgönguráðherra.

Nefndina skipa fimm menn:

- Skúli Jón Sigurðarson, BA, formaður RNF.
- Þorsteinn Þorsteinsson, flugvélafræðingur, varaformaður RNF.
- Kristján Guðjónsson, lögfræðingur hjá Tryggingarstofnun Íslands.
- Steinar Steinarsson, flugstjóri hjá Flugleiðum hf,
- Sveinn Björnsson, flugmaður og framkvæmdastjóri Flugþjónustunnar ehf,

Þeir Skúli Jón Sigurðarson og Þorsteinn Þorsteinsson eru skipaðir ótímabundið og eru fastir starfsmenn nefndarinnar. Hinir þrír nefndarmennirnir eru skipaðir til 4 ára í senn. Núgildandi skipun þeirra gildir til 1. júlí 2000.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur aðsetur á 2. hæð húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík og heimilisfang hennar er:

Rannsóknarnefnd flugslysa

Húsi FBS-R

[V/Flugvallarveg, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík](#)

Sími á skrifstofutíma

5111666

Bréfsími

5111667

Netfang

[aaib@falcon.is](mailto:aaib@falcon.is)

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur heimasíðu á netinu.

Slóð heimasíðu RNF á netinu er **<http://www.aaib-is.com>**

Á heimasíðunni er m.a. að finna lög og reglugerðir sem varða nefndina og starf hennar, svo og eyðublöð fyrir tilkynningar og skýrslur, sem þeir sem þessa þurfa með geta sótt þangað, fyllt út og sent nefndinni í pósti eða í tölvupósti.

Á heimasíðunni verður einnig meginhluti ársskýrslu nefndarinnar hverju sinni.

Einnig geta menn síðar sótt þangað skýrslur nefndarinnar.

Skrifstofutími Rannsóknarnefndar flugslysa er frá kl. 08:00 til kl. 16:00 virka daga.

Utan skrifstofutíma, eða um helgar og á almennum frídögum, er annar tveggja fastra starfsmanna nefndarinnar ætíð til taks á bakvakt.

---

Nánari upplýsingar um það liggja fyrir á hverjum tíma hjá varðstjóra flugstjórnarmiðstöðvarinnar á Reykjavíkurflugvelli í síma **5694141**.

Skúli Jón Sigurðarson – farsími/talhölf: **8530797** netfang: **skulijon@falcon.is**  
handsími: **8930797**

Þorsteinn Þorsteinsson – farsími/talhölf: **8547697** netfang: **thorsteinn@falcon.is**





## Kafli 8

### Flugstöð og flugturn



---

## Hópur # 6:

### **Þátttaka starfsfólks flugfélaga, starf flugvallarstarfsmanna.**

Flugslysæfing á Egilsstöðum 6. maí 2000

Undirbúningur fyrir sjálfa æfinguna var fólgin í því að greina starfsmönnum flugturns, flugvallar og Flugfélags Íslands frá fyrirhugaðri æfingu og hvers væri krafist af þeim. Strax kom í ljós hve fáir starfsmenn væru til staðar á venjulegum laugardegi, en ákveðið var að keyra æfinguna á eðlilegum mannafla og hinir væru kallaðir út eins og tók væru á. Mennt voru almennt mjög áhugasamir um þetta tækifæri sem gafst til að skoða og uppfæra viðbrögð við slysaútkalli.

Það kom strax fram að það skipulag sem lá fyrir miðaðist við miklu fleiri starfsmenn en raunin er í dag. Það var því tekið til endurskoðunar og uppfært. Þess má geta að Flugfélag Austurlands hefur hætt starfsemi og Íslandsflug flýgur ekki lengur til Egilsstaða. Bæði þessi flugfélög höfðu starfsmenn á flugvellinum en það hefur lagst niður. Hvað flugstarfsemi viðvíkur, þá virðist það dálítið einkennilegt að ekki skuli staðsett flugvél á Egilsstaðaflugvelli sem þjónar sjúkraflutningum á Austurlandi

Eftir að æfing hófst var ekki annað að sjá en að viðbrögð væru mjög góð hjá öllum áðurnefndum starfsmönnum. Þeir starfsmenn sem voru á vakt kölluðu til aðstoðarmenn eins og fram kemur á meðfylgjandi skýrslum frá þessum aðilum. Tímasetningar koma vel fram hjá þeim og verða því ekki tíundaðar hér.

Fram kom að nauðsynlegt væri að breyta uppsetningu tækja og síma í vinnuborði í flugturninum því eins og uppsetningin er núna er erfitt fyrir tvo að vinna saman við borðið. T.d. kom það fyrir í æfingunni að “bill 3,” fyrsti bill á slysstað kallaði nokkrum sinnum í talstöð, en var svarað í turni í aðra talstöð sem var við hlið þeirrar sem kallað var í. Slík mistök gerast líklega ekki í raunveruleikanum þegar menn ganga að hlutunum nánast án þess að hugsa. Samt sem áður væri gott að færa talstöðvarnar í sundur með nýrri uppsetningu í vinnuborðinu ásamt því að fjölga símatenglum. Meðan á æfingunni stóð kom í ljós mikil takmörkun á talstöðvarmálum turnsins. Ein talstöð var stillt á “grundina” vegna viðskipta við slökkvibíla flugvallarins og hin á “turnbylgjuna” til viðskipta við flugumferð. Á meðan var ekki hægt að hlusta á vettvangsstjóra, lögreglu eða björgunarsveitir. Til bóta væri að fá talstöð með “scanner” sem gæti þjónað slíkum viðskiptum og kæmi hún sér líka vel sem varastöð. (Sjá athugasemdir starfsmanna flugturns).

Starfsmenn Flugfélags Íslands stóðu mjög vel að öllu sem að þeim snéri. Viðeigandi kynningar voru lesnar í innanhúskallkerfið á viðeigandi stundum ásamt því að gefa út fréttatilkynningar. Þeir greiddu götu aðstandenda eftir því sem hægt var, ásamt því að vera í sambandi við höfuðstöðvarnar í Reykjavík. Mikið álag var á þeim sem lagaðist aðeins eftir að starfsfólk Rauðakrossins kom.

Ákveðið var fyrir æfinguna að hafa flugstöðina opna út á bílastæði og reyna ekki að loka fólk inni. Þetta gaf góða raun og var fólk beðið að sýna stillingu og halda kyrru fyrir í flugstöðinni. Það er vafamál hvort nokkuð héldi aftur af fólk sem ætlaði sér að komast út á annað borð.

Reynt var að æfa þann þátt sem nefndur er “loftbrú.” Það varð nokkuð óraunverulegt í þetta sinn, en ákveðið var að virkja hana fyrir milligöngu Neyðarlínunnar, 112. Það í sjálfu sér er ágætt þó svo að undirritaður hallist frekar að því að beiðnin fari í gegnum starfsmenn Flugmálastjórnar. Það sem skeði núna var að flugturninn á Egilsstöðum fékk upplýsingar um brottfarartíma ýmissa flugvéla frá Reykjavík og Akureyri. Þessar upplýsingar bárust frá Stefáni Þórarinssyni í aðgerðarstjórn. Þá var reiknaður út eðlilegur flugtími og fundinn áætlaður komutími sem síðan var gefinn vettvangsstjóra. Miðað við brottfarartíma vélanna sem var gefinn áttu sumar þeirra að vera rétt ólentar, en það var á skjön við þann tíma sem vettvangsstjórn/aðgerðarstjórn hafði gefið sér.

Að lokum: Það er ánægjulegt að koma í flugstöðvarbygginguna og sjá hve vel henni er viðhaldið og er umgengni starfsfólks um sinn vinnustað með miklum sóma. Yfirmenn á staðnum, Ingólfur Arnarson, umdæmisstjóri hjá Flugmálastjórn og Einar Halldórsson, umdæmisstjóri Flugfélags Íslands tóku mjög vel á móti okkur, sem að æfingunni stóðu, greiddu mjög vel götu okkar og fá þeir þakkir fyrir.

Hópstjóri: Bergþór N. Bergþórsson

---

## Athugasemdir úr flugturni

Nokkur atriði eru tilgreind hér eftir, sem þarf að huga að vegna æfingar á Egilsstaðaflugvelli 6.mai 2000.

- 1. Vantar stöð með skanner í TWR á björgunarsveitarbylgjunum**, til að geta fylgst með ástandi á slyssað og svarað fyrirspurnum. Einnig vantar tengla fyrir síma til að tveir geti sinnt störfum um leið.
- 2. Nauðsynlegt að koma upp bakvöktum í flugturni**
  - til að ná í starfsmenn í neyðartilfellum
  - til að ná í starfsmenn í veikindatilfellum.
- 3. Þíptæki handa öllum, fyrir hópútkall.**
  - Eigið kerfi (Tatico), sem virkar innan fjallahringsins, kerfi sem er í eigu FMS, Brunavarna á Héraði, Lögreglu og Björgunarsveita og fl.
  - Hópútkall, eitt númer sem flugturninn þarf að hringja í, til að ná til allra.
- 4. Ljóst er að verkefni eru fyrir alla starfsmenn á svæðinu, sem hægt er að ná í.**
  - skráning á atvikum og leysa önnur mál á flugvelli
  - úti í vélageymslu, í SAAB-num eða Lappanum
  - upplýsingagjöf fyrir td. lögreglu og björgunarsveitir um svæðið, sem starfsmenn ættu að þekkja betur en lögregla, björgunarmenn og sjúkralið.
- 5. Aðila vantaði (vegna æfingarinnar) til að sinna eðlilegri "truflun" við starfseminu í flugturninum t.d. með því að:**
  - gefa áætlaðan tíma flugvéla inn á svæðið (ATC)
  - leika björgunar- og sjúkraflugvélar koma inn á svæðið (radíóviðskipti)
  - leika blaða- og fréttamenn sem vantar upplýsingar.
  - leika úttaugaða aðstandendur flugfarþega, sem hringja eftir upplýsingum.
  - leika einkaflugvélar, sem ekki vissu um lokunina og þurfa aðstoð til að komast á aðra flugvelli, s.s. veður, vaktir og eldsneyti.

**Liður 1.** Fleiri stöðvar þarf í Flugturninn til að fleiri geti unnið þar við að leysa þau vandamál sem verið er að glíma við. FM stöð með skanner myndi leysa þetta vandamál. Fleiri símatengla þarf í borðið, þá er hægt að vinna í tveimur stöðum, einn í radíói og annar í símunum, þá getur hvor um sig einbeitt sér að þrengra verkefni. Einnig er nauðsynlegt að símar séu við borðið hjá hringstiganum, ef fleiri þurfa að koma að verkefninu, t.d. vegna umfangsmikillar leitar á svæðinu. Handstöð er nauðsynleg og er þá t.d. hægt að nota 118.2 og setja upp vinnuástöðu til að gefa flugvélum upp veður og sinna annarri upplýsingagjöf. Þriðji maðurinn getur einnig sinnt öðrum verkefnum sem kunna að koma upp, t.d. leiðbeina annari umferð frá flugvellingum auk þess að setja veður inn á veðurtölvu VÍ.

---

**Liður 2.** Með bakvaktafyrirkomulagi eru menn tilbúnir þegar kallið kemur og a.m.k. einn alltaf tiltækur. Ljóst er að miklu varðar að starfsmaður sé ekki einn þegar aðgerða er þörf og tveir hafa stuðning hvor af öðrum auk þess að létta álagið sem skapast á fyrstu stigum aðgerðar. Sú staðreynd að engin bakvakt er staðin af starfsmönnum í flugturni, hefði mjög trúlega haft þau áhrif, að enginn hjálparmaður hefði náðst til starfa á þeim tíma sem þessi æfing fór í gang.

**Liður 3.** Þegar kalla þarf út í stóra aðgerð er nauðsynlegt að útkallskerfið sé ekki flóknara en þarf. Vitað er að kerfi Landsímans geta bilað og einnig verður símboðakerfið lagt niður um n.k. áramót. Hægt er að koma sér upp "Local" kerfi sem t.d. væri staðsett á Egilsstaðaflugvelli, hér er varaafli og góð staðsetning, auk þess er hér vakt allan sólahringinn og hægt að kalla út héðan þó símakerfið bili. Svona kerfi er ekki dýrt, og ef hægt er að sameinast um það hjá nokkrum stofnunum er kostnaðurinn hverfandi. Þetta kerfi (Tatico) hefur einnig möguleika á að senda stutt skilaboð og einnig er hægt að láta það vinna á móti GSM sínum.

**Liður 4.** Það hlýtur að vera akkur í því að fá sem flesta á staðinn, sem þekkja til Flugmálastjórnar, neyðaráætlunarinnar, þekkja svæðið, kunnugir húsakynnum, fyrirkomulagi flugvallarins og þekkja til reksturs hans og umhverfis. Þegar kallið kemur mæta allir Flugradíómennirnir í flugturninn og sá sem fyrstur kemur fer að skrá atburði og svara í símann. Þeir sem á eftir koma taka sér síðan stöðu þar sem þeirra er þörf, eftir nánara skipulagi þar um. Okkur starfsmönnum í flugturni þykir skjóta nokkuð skökku við, þegar allur tiltækur mannskapur er kallaður til, í æfingu sem þessa, að ekki er gert ráð fyrir, í neyðarskipulagi, nema tveimur af fjórum starfsmönnum í flugturni til starfa. Væri ekki full þörf á að gera ráð fyrir þeim öllum til starfa?

**Liður 5.** Það er nokkuð merkilegt að eftir fimm svona stórar æfingar, að flugturninn skuli ekki vera meira inni í verkefninu og ekki nægilega hugsað fyrir honum í æfingunni. Flugturninn verður alltaf þungamiðjan í upphafi aðgerða og einnig sá staður sem verður fyrir hvað mesta áreitinu, þar til öll kurl verða komin til grafar. ATC hefði þurft að koma inn í verkefnið í upphafi, og t.a.m. var æfingunni nær lokið þegar gögn bárust um símanúmer sem tengdust æfingunni.

Egilsstöðum 10.05.2000

Virðingarfyllst

-----  
Brynjólfur Vignisson

-----  
Benedikt Vilhjálmsson

-----  
Magnús Kristjánsson

-----  
Sigurður Halldór Bergsson

---

# Hópslysaevingin “ Egilsstaðir 2000 “ 06. maí

## Tímaskýrsla.

- 1505 - seinkun tilkynnt í hátalarakerfi Flugfélags Íslands  
1520 - enn frekari seinkun tilkynnt í hátalarkefi  
1525 - leitað upplýsinga í flugturn um komutíma frá REK  
1535 - viðvörðunarsírena FMS fer í gang  
1536 - tilkynnt úr fluturni um flugslys, í innanhúskallkerfi, til Flugfélags Íslands  
1537 - Flugfélag Íslands tilkynnir flugumsjón í REK um flugslys  
1538 - upplýsingar um flugóhapp tilkynnt í hátalarkefi í flugstöð  
1538 - hringt í frívakt Flugfélags Íslands  
1544 - tilkynnt í hátalarkefi um alvarlegt flugslys, og óskað eftir aðstoð viðstaddra hjálparveitar og / eða björgunarfólks. Ítrekuð ósk um sjálboðaliða - 5 komu.  
1540 - lögregla mætir í flugstöð  
1547 - mikil pressa á starfsfólki Flugfélags Íslands - frá aðstandendum  
1547 - frívakt Flugfélags Íslands mætt til aðstoðar  
1553 - upplýsingar um hleðsluskrá gefin upp í síma til almannavarna ríkisins ( Finnur )  
1555 - flugturn tilkynnir að hjálp hafi borist á slysstað  
1556 - prestur mætir í flugstöð ( áfallahjálp )  
1600 - RKÍ mætir í flugstöð  
1605 - hringt í flugturn og óskað eftir upplýsingum um gang mála á slysstað. flutningur farþega af slysstað ekki hafinn.  
1618 - farþegalisti faxaður í Fjöldahjálparstöð. **Upplýsingar um faxnr. ekki réttar.** Farþegalistin einungis faxaður í hjálparstöð, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir frá almannavörnum um að fá hann til sín ( Finnur - Lárus )  
1620 - tengiliður við slysstað ( lögreglan ) mætir í flugstöð  
1620 - Flugfélag Íslands leitar fréttu af slysstað með aðstoð tengiliðar.  
1625 - tengiliður í flugstöð beðinn um að koma fréttatilkynningu til fjölmiðla  
1630 - 2 starfsmenn Flugfélags Íslands fá áfallahjálp frá presti vegna náinna tengsla við farþega ( bróðir og dóttir ) og fóru í greiningastöð til aðhlyningar og komu ekki meira til vinnu, enda óvirkir.  
1635 - flugturn óskar eftir afriti af farmskrá ( 50 kg. fragt ) - um var að ræða dagblöð sem ekki eru á farmbréfum.  
1637 - fréttatilkynning til fjölmiðla send á lögreglustöð fax 471 2351  
1637 - starfsmaður Flugfélags Íslands, sem ekki svaraði útkalli, mætir í flugstöð  
1643 - lögreglustöð staðfestir móttöku fréttatilkynningar  
1646 - Finnur hjá almannavörnum staðfestir farþegalista eftir skoðun í Fjöldahj.stöð  
1650 - flugstöð tóm, allir farnir í Fjöldahjálparstöð í fylgd RKÍ  
1655 - 2 starfsm Flugfélag Íslands fóru í greiningastöð ( FMS ) til að leita fréttu af áhöfn - var snúið frá af lögreglu, enda ómerktir  
1700 - seinni fréttatilkynning frá Flugfélagi Íslands til fjölmiðla send á lögreglustöð.  
1710 - starfsmenn Flugfélags Íslands hringja í Fjöldahjálparstöð og leita fréttu af áhöfn.  
1720 - flugstjóri liggur slasaður á sjúkrahúsi. Ekki vitað um aðra áhafnameðlimi.  
1745 - flugmaður sendur með sjúkraflugi til REK.  
1800 - flugfreyja fundin óslösuð í Fjöldahjálparstöð - lögrm. kominn henni til verndar.  
1820 - flugfreyju skilað í lögreglufylgd til Flugfélags Íslands sem lætur henni í té alla þá hjálp og aðstoð sem þörf er á.  
1845 - prestur kemur frá Fjöldahjálparstöð og býður fram aðstoð sína til handa starfsmönnum Flugfélags Íslands. Kynnti í örstuttu máli áfallahjálp.  
1920 - ævingin flautuð af. Aðeins rannsóknarþátturinn eftir.  
1815 - starfsmaður. FÍ - Stefán yfirgefur Fjöldahjálparstöð -segir farir sínar ekki sléttar.

---

Hann varð fyrir töluverðu áreiti aðstandenda, sem staddir voru í Fjöldahjálparstöð, og sem vildu vita um orskir slyssins og jafnvel farþega um borð.  
Stefán hafði, áður en hann yfirgaf vinnustað, séð farþegalistann.  
Hann fékk að hringja, en meðan á símtalinu stóð talaði starfsmaður Rauða krossins um að ekki mætti teppa símann.

---

## Hópslysaæfingin “ Egilsstaðir 2000 “ 06. maí

Hugmyndir að notkun kallkerfis í flugstöð.

1.

Má ég fá athygli ykkar augnablik.

Við vorum að fá upplýsingar um að flugvélinni hafi hlekkst á.  
við vitum ekki ennþá hversu alvarlegt þetta er.

Nánari fréttir berast innan fárra mínútna.

Af öryggisástæðum, er fólki óheimilt að yfirgefa bygginguna

2.

Nú er ljóst að alvarlegt flugslys hefur orðið, og allt tiltækt björgunarlið  
hefur verið kallað út..

Björgunarsveitarmenn eða heilsugæslufólk sem er í byggingunni er beðið  
að láta vita af sér strax

Reynum til hins ýtrasta að halda ró okkar og sýna stillingu.

3.

Björgunarlið er komið á slysstað og við fáum fréttir af vettvangi innan  
tíðar.

Hjálparfólk er á leiðinni okkur til aðstoðar.

4.

Hjálparfólk frá Rauðakrossinum er nú komið okkur til aðstoðar hér í  
flugstöðinni vinsamlegast leitið þangað.

---

## **Aðgerðarlisti.**

### **Vaktstjóri**

- 1. Hringja í Flugumsjón REK 570 3540 / 3545**
- 2. Upplýsingar í kallkerfi skv. áætlun**
- 3. Svarar farþegum frammi í afgreiðslu**
- 4. Frívakt leysir af vaktstjóri frammi í afgreiðslu og verður honum til aðstoðar.**

### **Afgreiðslumaður**

- 1. Hringir út aukalið - frívaktina**
- 2. Aðstoða vaktstjóri frammi sal þangað til hjálp berst.**
- 3. Svarar símanum og aðstoða eftir þörfum.**
- 4. Frívakt fer í stöðvarstj. herbergi og í símavinnu.**

### **Stöðvarstjóri**

- 1. Sér um tilkynningar í kallkerfi og verður tengiliður við lögreglu og hjálparveitir þegar þar að kemur. Hefur yfirsýn yfir sem flesta þætti í flugstöð og nokkurskonar vettvangsstjóri þar til hjálp berst frá RKÍ og lögreglu.**

**Gera má ráð fyrir að frívakt komi innan 10 mínútna**

**Farþegalistinn verður faxesaður beint í Fjöldahjálparstöð og verður eingöngu þar, þangað til Flugfélagið birtir hann opinberlega 1 - 2 klst eftir slysið.**

**Starfsmenn RKÍ skrá niður fólk í biðsal og tengsl þess við farþega - þeir koma þessari skrá til starfsfóplks FÍ sem sér um að faxesa hana í Fjöldahjálparstöð faxnúmer 471 - 2312.**

**Fara síðan með frumritið til lögreglu í Flugstöð.**

---

Reykjavík 06.mai 2000

Fréttatilkynning frá Flugfélagi Íslands

( kl 15.45 )

Um kl 1500 í dag hlekkist á flugvél frá Flugfélagi Íslands á Egilsstaðaflugvelli.

Um borð eru skráðir 45 farþegar og 3ja manna áhöfn. Óvíst er um afdrif þeirra, en ljóst er, að um alvarlegt flugslys er að ræða.

Almannavarnir Ríkisins hafa verið kallaðar út, og er fjölmennt björgunalið komið á slysstað.

Ný fréttatilkynning verður gefin út um kl 1630.

---

Reykjavík 06.mai  
kl. 1630

## Fréttatilkynning frá Flugfélagi Íslands

Nú er ljóst að flugslysið á Egilsstaðaflugvelli var mjög alvarlegt.

Rannsóknarnefd flugslysa er á leið á staðinn, ásamt neyðaraðstoð frá Flugfélags Íslands.

Komið hefur verið upp fjöldahjálparstöð, og unnið er eftir skipulagi almannavarna ríkisns um hópslys.

Nýjar upplýsingar verða birtar á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) um leið og þær berast.

Atle Vivas  
Stöðvarstjóri Flugfélags Íslands  
Reykjavík





## Kafli 9

### Önnur fylgiskjöl



---

## Skýrsla Odds Eiríkssonar slökkviliðsmanns/sjúkraflutningsmanns í Reykjavík, sem stýrði hópi 8, vegna hópslysaæfingarinnar Egilsstaðir 2000

Í heildina fannst mér æfingin ganga vel fyrir sig. Mjög góður undirbúningur heimamanna skilaði sér þegar æfingin var keyrð.

Hlutverk mitt fyrir æfinguna var að hafa samskipti við sjálfbóðaliða. Jafnframt því að sjá til þess að einhverjir sjúklingar yrðu til staðar þegar æfingin var keyrð.

Eftir slysið sá ég um að gera könnun á meðal sjúklinga um mat þeirra á æfingunni. Auk þess starfaði ég með hópi 4.

Allmargir hjálpuðu til við að útvega sjúklinga og aðstandendur. Tengiliður minn fyrir austan var Karen Erla Erlingsdóttir fráfarandi formaður Rauða kross Íslands á Fljótsd. hér. og Borgarfyrði eystra. Einnig var ég í góðu samstarfi við nokkra aðila sem hjálpuðu mér við að sminka. Þar fór fremstur í flokki Emil Björnsson.

Meginhluta af sminkhópnum hitti ég á fimmtudagskvöldinu. Þar hélt ég námskeið fyrir þau um gervisár og eftirlitkingar áverka. Einnig var farið yfir áverkalýsingar og hvernig skipulag laugardagsins yrði. Þá hluti sem vantaði sáu heimamenn um að útvega.

Sjálfbóðaliðar og starfsmaður Rauði kross Íslands á Austurlandi sáu um að auglýsa eftir sjálfbóðaliðum til þess að taka þátt í æfingunni og skilaði það góðum árangri. Alls voru 36 einstaklingar sem voru farðaðir allt frá því að vera óslasaðir í það að vera með lífshættulega áverka. Við ákváðum að hafa 6 einstaklinga til vara ef einhverjir myndu forfallast á síðustu stundu.

Til sjúklinga og aðstandenda var komið skilaboðum um hver þáttur þeirra í æfingunni væri. Þar á meðal voru sjúklingar beðnir að koma vel klæddir en í fötum sem mátti klippa. Jafnframt voru þeir beðnir um að mæta á fyrirfram ákveðnum tíma til þess sminkvinnan gengi vel fyrir sig.

Fjöldi sjálfbóðaliða gaf sig fram til þess að veita áreiti, með því t.d. að hringja í hina ýmsu aðila sem tóku þátt í æfingunni og spyrja fyrir um líðan ættingja sinna. Einnig mættu þeir út á flugvöll til þess að taka á móti ættingjum sínum.

Förðunarhópurinn mætti klukkan 11:00 og lauk störfum klukkan 14:30.

Það voru sjö aðilar sem störfuðu í hópnum þann dag sem æfingin var. Það hefur sýnt sig að það þarf a.m.k. þennan lágmarksfjölda til þess að láta hlutina ganga upp.

Einhver miskilingur var um það hvar tilvonandi sjúklingar myndu mæta til sminkunar. Þeim var sagt að mæta í Grunnskólann en sminkararnir biðu í Menntaskólanum. Þetta leystist með því að sjúklingarnir löbbuðu til okkar í förðun og gengu síðan með hina ýmsu áverka aftur upp í Grunnskóla. Sjálfbóðaliðar RKÍ gáfu síðan "sjúklingum" að borða áður en haldið var með þá út á flugvöll um klukkan 14:30.

Sminkhópurinn fékk aðstöðu í húsakynnum Menntakólans. Leikarar voru fengnir til þess að mæta í þremur hópum, til þess að jafna álagið á förðunina.

Ég áætlaði að 11 sjúklingar myndu lenda sem rauðir í frumgreiningu, tíu sem gulir, sjö grænir og átta óslasaðir. Samals voru þetta 36 sjúklingar.

Þegar búið var að koma sjúklingum fyrir á sínum stað var mínu aðalhlutverki lokið. Ég tók að mér að fylgjast með því hvernig aðgerðir gengu utan ár.

Þrír sjúklingar og eitt lík voru staðsett utan ár. Til þess að nálgast þá þurfti annað hvort að keyra að þeim eða nota til þess bát. Seinni kostuinn varð fyrir valinu.

Þegar ákveðið var að senda greiningarsveit út fyrir á þá fylgdist ég með vinnu þeirra. Þegar ég kom á slysstað var verið að ljúka við að frumgreina sjúklingana fjóra sem þarna voru og var einn þeirra látinn þannig að það var um þrjá sjúklinga að ræða. Þeir voru forgreindir sem rauður, gulur og gulur.

---

Frumgreining gekk hratt og vel fyrir sig. Ekki var vitað í fyrstu hversu margir sjúklingar væru þarna en eftir leit í næsta nágreppi var henni hætt.

Fjarlægð milli sjúklinganna var um það bil 50 metrar sem þýddi það að ekki var hægt að kallast á milli til þess að koma skilaboðum á milli hjálparliða.

Meðferð og meðhöndlun gekk einnig vel.

Það sem hins vegar hefði mátt fara betur á þessum stað er að hafa einn stjórnanda sem allar ákvarðanir fara í gegnum. Ef hjúkrunarfræðingar, læknir, lögreglumenn og sjúkraflutningsmenn sem þarna voru hefðu getað verið í fjarskiptasambandi þá hefðu málin leystst á auðveldan hátt. Meðferð sjúklinganna var til sóma en vegna sambandsleysis milli hjálparliða þá var sjúklingur sem var merktur rauður fluttur síðast. Þetta tók allt frekar stuttan tíma þannig að þó svo að sá sem var merktur gulur hefði verið fluttur undan rauðum þá breytir það ekki því að hann.

Rétt finnst mér að benda á það að þeir sem vinna saman þurfa að samræma aðferðir sínar áður en þeir byrja sína vinnu og allir noti sömu vinnuáferðir sem kenndar eru.

Sjúklingar séu fluttir í samræmingu við þann forgang sem þeir eru flokkaðir.

Þegar sjúklingar þurfa að bíða lengi á slysstað þarf að muna eftir því að þeim kólnar og þarf því að huga að skjóli fyrir þá.

Niðurstöður:

- Í heild var ég ánægður með æfinguna.
- Rétt er að huga að því hverjir koma fyrstir á slysstað. Það eru bæði farþegar sem bíða flugs, starfsmenn flugvallar og aðstandendur. Ætla má að þegar flugvél af þessari stærð er að lenda þá séu um 50 til 100 mans staddir í flugstöðinni.
- Nauðsynlegt er að hafa einn stjórnanda á hverjum slysstað sem allar ákvarðanir fara í gegnum.
- Samræming í vinnubrögðum þ.e.a.s. að allir noti viðurkenndar aðferðir, sem búið er að kenna og æfa fyrirfram.

Hér eru nokkrir punktar, sem við tókum saman við keyrslu á æfingunni 06.05.2000 á Egilsstöðum.

1. kl. 15:33 var eldur tendraður á vettvangi sunnan Eyvindarár.
2. kl. 15:35 var eldur tendraður á vettvangi norðan Eyvindarár.
3. kl. 15:35 sást reykur frá flugturni og æfingin hófst.
4. kl. 15:38 kom fyrsta slökkviliðsbifreiðin á vettvang með einum slökkviliðsmanni.
5. kl. 15:45 kom lögreglubifreið á flugbraut en fór ekki að slysavettvangnum.
6. kl. 15:46 kom auka slökkvilið á vettvang.
7. kl. 16:15 var skiltum komið fyrir á biðsvæði hjálparliðs.
8. kl. 16:12 kom fyrsti sjúklingur í greiningarstöð.
9. kl. 16:30 kom annar sjúklingur í greiningarstöð.
10. kl. 16:35 bátur á flot á Eyvindará.
11. kl. 16:42 slökkviliðsmenn fara yfir ána.
12. kl. 16:45 fór fyrsti sjúklingur á sjúkrahús.
13. kl. 16:50 var lokið við að rýma flugstöðina.
14. kl. 17:00 komu fyrstu sjúkraflutningsmenn að sjúklingum norðan Eyvindarár.
15. kl. 17:05 fór fyrsti sjúklingur af slysavettvangi norðan Eyvindarár.

Höfðum við eftirlit með æfingunni á flugvælinum og slysavettvangi norðan og sunna Eyvindarár.

Þegar fyrsti slökkviliðsmaðurinn kom á vettvang óð hann beint inná slysavettvang án þess að virða fyrir sér vettvanginn. Að okkar mati hefði hann átt að stöðva rétt við vettvanginn og kanna aðstæður en ekki æða beint að eldinum.

Lögreglumaðurinn er kom fyrstur á staðinn stöðvar á miðri flugbraut án þess að fara og kanna með vettvang. Innri lokun var of fjarri vettvangi.

Vettvangsstjóri var staðsettur í björgunarsveitarbifreið við innri lokun og var ekkert á bifreiðinni er gaf til kynna að þar væri vettvangsstjórinn staðsettur en þegar leið á æfinguna var bifreiðin merkt vettvangsstjóra.

Of mikil áhersla var lögð á ytri lokun og fór of mikill mannskapur í það verkefni á meðan vantaði mannskap á slysavettvanginn.

Ekki var næjanlegt skipulag við biðsvæði björgunarliðs og myndaðist þar nokkur þvaga á meðan björgunaraðilar voru að koma á staðinn. Þar hefði átt að vera lögreglumaður, sem raðar upp og skráir niður þær sveitir og björgunartæki er koma á biðsvæðið. Hann tilkynnir síðan þær upplýsingarnar til vettvangsstjóra.

Vélar og tæki flugstöðvarinnar voru ekki öll notuð á vettvangi. Má þar nefna Payloader, flugvélastiga og vörubifreið með krana, sem hefði komið sér vel við björgun á fólki. Þá hefði komið sér vel að senda rútu, sem var við greiningarstöð, á vettvang fyrir lítið slasaða. En á vettvangi vantaði aðstöðu fyrir það fólk og hefði það sparað tíma á flutningi á slösuðum af vettvangi og í greiningarstöð.

Í flugstöðinni gekk rauðakrossfólkinu ásamt tveimur prestum vel að halda utan um aðstandendur og var fólkið flutt í fjöldahjálparstöð.

Vettvangur norðan við Eyvindará. Það tók rúma klukkustund þar til fyrstu björgunaraðilar komu á vettvang og fóru að sinna sjúklingum. Slökkviliðsmenn gerðu

---

vel í því að hlú að sjúklingum og fóru þeir úr brunagalla til að breiða yfir sjúklinga. En slökkviliðsmenn voru talstöðvarlausir og þurftu að fara til baka til að komast í talstöðvarsamband og yfirgáfu því sjúklingana og var það miður. Notast var við slöngubát flugstöðvarinnar til að komast yfir ána og gekk það vel. En bátsmaðurinn hefði átt að gæta fyllsta öryggis og nota björgunarvesti, sem hann gerði ekki þó svo að vesti hafði verið til staðar. Sjúklingar voru bundnir við sjúkrabörur er þeir voru ferjaðir yfir ána þrátt fyrir tilmælum um að gera það ekki.

Æfingin gekk í heildina vel björgunarsveitir vel mannaðar og tækjakostur góður en okkur fannst bera við stjórnunarleysi og stjórnendur ekki nægjanlega sýnilegir. Björgunaraðilar voru því ekki nýttir eins og best verður á kosið.

Þökkum samstarfið og samveruna

f/h lögreglunnar á  
Keflavíkurflugvelli

Skúli Björnsson

---

Samantekt blaðamanns Morgunblaðsins, vegna hópslysæfingu, Egilsstaðir 2000.

Ég kom að flugvellinum fljótlega eftir tilkynningu. Mér var haldið fyrir utan vettvangsstað og fékk ekki leyfi til þess að fara inn á flugvallarafleggjarann. Ég ítrekað reyndi að komast inn og benti á mikilvægi fjölmiðla í máli sem þessu en var haldið fyrir utan svæðið af löggæslu. Í tvígang var skipt um löggæslumann og ítrekað reyndi ég að komast inn, án árangurs. Eftir 50 mínútur var fjölmiðlafólk sótt í lögreglubíl og var okkur ekið inn á svæðið. Okkur var þar sagt að við yrðum færð að tilgreindum línumörkum þar sem vettvangsstjóri myndi meta hvort hann vildi hleypa okkur inn á svæðið. Vettvangsstjóri hleypti okkur án bollalegginga inn á svæðið. Við fengum engin einkennismerki og þar sem ég hljóp strax inn á svæðið, þá var ég fljótlega stoppuð af löggæslu sem krafðist einkenna. Það dugði ekki að segjast hafa fengið leyfi, heldur þurfti ég að bíða eftir löggæslufylgdarmanninum til þess að staðfesta innkomu mína á svæðið. Síðan fór ég frjáls ferða minna og gat myndað að vild þegar hlúð var að slösuðu fólki og það flutt á börur til aðhlyningar og af “flaki” vélarinnar. Löggæslumaðurinn sem fylgdi okkur var innan seilingar þrátt fyrir frelsi mitt á svæðinu. Þegar fjölmiðlafólk hafði fengið að mynda að vild gáfum við til kynna að við vildum yfirgefa svæðið og var okkur þá ekið í sama bíl af sama löggæslumanni þar sem hann skilaði okkur útfyrir afgirt slyasvæði.

8. maí 2000

Anna Ingólfssdóttir

blaðamaður Morgunblaðsins